

# UMF TINDASTÓLL

## Stofnað 1907



Ársskýrsla 2015



**Efnisyfirlit**

Lög Ungmennafélagsins Tindastóls	4
Gildandi skuldbindingar	7
Ársskýrsla Ungmennafélagsins Tindastóls árið 2015	8
Skýrsla aðalstjórnar	9
Íþróttamaður ársins	10
Starfsbikarinn	12
Skýrsla stjórnar	13
Áritun skoðunarmanna	13
Ársreikningur aðalstjórnar	14
Skýrsla stjórnar knattspyrnudeildar	19
Ársreikningur knattspyrnudeildar	27
Skýrsla stjórnar körfuknattleiksdeildar	29
Ársreikningur körfuknattleiksdeildar	32
Skýrsla stjórnar unglingaráðs körfuknattleiksdeildar	34
Ársreikningur unglingaráðs körfuknattleiksdeildar	36
Skýrsla stjórnar frjálsíþróttadeildar	38
Ársreikningur frjálsíþróttadeildar	39
Skýrsla stjórnar sunddeildar	41
Ársreikningur sunddeildar	44
Skýrsla stjórnar skíðadeildar	46
Ársreikningur skíðadeildar	48
Skýrsla almenningsdeildar - bogfimi	50
Ársreikningur almenningsdeildar - bogfimi	51
Skýrsla almenningsdeildar - júdó	53
Ársreikningur almenningsdeildar - júdó	57
Minningasjóður um Rúnar Inga Björnsson	59
Ársreikningur Minningasjóður um Rúnar Inga Björnsson	60

## Lög Ungmennafélagsins Tindastóls

### 1. grein. Heiti félagsins :

Félagið heitir Ungmennafélagið Tindastóll, skammstafað U.M.F. Tindastóll. Lögheimili þess er Sauðárkrókur. Merki þess er hvítt T í jafnarma þríhyrningi í bláum og rauðum grunni

### 2. grein. Tilgangur félagsins :

Að vernda og efla stjórnarfarslegt, menningarlegt og fjárhagslegt sjálfstæði Íslendinga og vekja virðinu þeirra fyrir þjóðernislegum verðmætum sínum.

Að hjálpa félagsmönnum og öðrum æskulýð til aukins þroska með fræðslu og íþróttastarfsemi, og til íhugunar um þjóðnytjamál og vinna að framgangi þeirra.

Að stuðla að bindindi og vernda ungmenni landsins gegn neyslu áfengra drykkja og eiturlyfja og vinna að heilbrigðu skemmtana – og félagslífi.

Að vinna að bættri lífsafkomu þjóðfélagsþegna.

Að beita sér fyrir uppgræðslu, skógrækt og náttúruvernd.

Að vinna að því að skapa í hvívetna heilbrigðan hugsunarhátt meðal æskulýðs, í fjármálum, heilsuverndun og fegrun móðurmáls.

### 3. grein. Starfsaðferðir :

Tilgangi sínum hyggst félagið ná með fundarhöldum, íþróttaiðkunum, blaðaútgáfu og annarri félagsmálastarfsemi. Ennfremur að halda í fjölbreytt námskeið og vinna að ýmsum framkvæmdum eftir því sem þurfa þykir.

### 4. grein. Innganga og úrsögn :

Félagar geta allir orðið, sem lagt hafa fram skriflega inntökubeiðni, með upplýsingum um fullt nafn, kennitölu og heimilisfang. Þó skulu unglingar innan 18 ára aldurs leggja fram skriflegt leyfi a.m.k. annars foreldris eða forráðamanns til inngöngu. Þegar þessi skilyrði hafa verið uppfyllt er umsækjandi þegar fullgildur félagi. Jafnframt verða allir þeir sem opinberlega keppa undir merki félagsins sjálfkrafa félagar.

Úrsögn úr félaginu skal tilkynna skriflega til aðalstjórnar.

Halda skal skrá yfir alla meðlimi félagsins, svo séð verði á hverjum tíma hverjir eru fullgildir félagar.

### 5. grein. Félagsgjöld :

Félagar skulu greiða árgjald til félagsins. Skal það ákveðið á aðalfundi ár hvert. Árgjald rennur í aðalsjóð félagsins.

### 6. grein. Deildir :

Iðkendum hverrar íþróttagreinar er heimilt að mynda deildir innan félagsins. Hver íþróttadeild skal hafa sérstaka stjórn og aðskilin fjárhag. Skal hver deild sjá um sig sjálf fjárhagslega og hafa tekjur að ágóða móta og kappleikja í viðkomandi grein, svo og af öðrum fjáröflunum, sem hún tekur sér fyrir hendur í samráði við aðalstjórn. Stjórn hverrar deildar annast rekstur hennar.

Að öðru leyti lúta deildirnar sameiginlegri aðalstjórn félagsins, sem fer með æðsta vald í málum þess milli aðalfunda.

Ákvörðun um stofnun nýrrar deildar innan félagsins verður aðeins tekin á aðalfundi.

## 7. grein. Stjórn :

Stjórn félagsins skipa 5 menn; formaður, ritari, gjaldkeri, varaformaður og meðstjórnandi. Skulu þeir kosnir á hverjum aðalfundi, formaður skal kosinn sérstaklega, en að öðru leyti skiptir stjórnin sjálf með sér verkum. Formaður stjórnar fundum eða skipar aðra félagsmenn til þess. Ritari heldur gjörðabók félagsins og ritar fundargerðir. Gjaldkeri innheimtir tekjur og greiðir gjöld félagsins. Gjaldkeri heldur reikninga félagsins. Reikningsár félagsins er almanaksárið 1. janúar til 31. desember.

## 8. grein. Aðalfundur :

Aðalfundur félagsins skal haldinn á tímabilinu frá 15. febrúar til 15. apríl ár hvert, og skal þar kosin stjórn, 2 endurskoðendur og nefndir félagsins fyrir næsta ár, og endurskoðaðir reikningar síðasta árs bornir upp til samþykktar. Fráfarandi stjórn skal á aðalfundi leggja fram ársskýrslu og skýra frá starfi og hag félagsins undanfarið starfsár. Aðalfundur skal boðaður með minnst viku fyrirvara og er hann lögmætur, sé löglega til hans boðað.

Aðalfundur úrskurðar um meint brot á félagslögum og ákvarðar viðurlög.

Aukaáðalfundur skal boðaður með sama hætti og reglulegan aðalfundur. Reglur um aðalfund gilda, eftir því sem við á, um aukaáðalfund. Þó skulu lagabreytingar, stjórnarkjör og stofnun nýrra deilda, aðeins fara fram á reglulegum aðalfundi.

## 9. grein. Félagsfundir :

Félagsfundur skal boðaður ef a.m.k. 20 félagsmenn krefjast þess eða þegar aðalstjórn ákveður.

## 10. grein. Heimild stjórnar :

Heimilt er stjórn að skipa í nefndir milli aðalfunda er þurfa þykir. Allir félagar í U.M.F.Í. hafa málfrelsi og tillögurétt á félagsfundum.

## 11. grein. Verkefni stjórnar :

Aðalstjórn skal vinna að því að efla félagið á allan hátt og gæta hagsmuna þess út á við. Hún skal einnig samræma starfsemi félagsins inn á við og hafa eftirlit með starfsemi deildanna. Hún hefur umráðarétt yfir eignum félagsins og markar stefnu þess í öllum veigamiklum málum. Hún skal þó jafnan hafa samráð við stjórnir deildanna um mál er þær varðar sérstaklega.

## 12. grein. Stjórnir deilda :

Hver deild innan félagsins skal hafa sérstaka stjórn, sem skipuð er þremur mönnum hið fæsta. Skulu þeir kosnir á aðalfundum deildanna, en hver deild skal halda aðalfund árlega. Reglur um fundarboðun, lögmæti fundar og dagskrá, sem gilda um aðalfund félagsins, gilda einnig um aðalfundi deildanna, eftir því sem við á. Að loknum aðalfundi hverrar deildar og eigi síður en 15. febrúar ár hvert, skulu stjórnir deildanna skila aðalstjórn skýrslu sinni um starfsemi viðkomandi deildar, ásamt endurskoðuðum og samþykktum reikningum deildarinnar.

Aðalstjórn skal taka helstu atriði úr skýrslum deildanna upp í skýrslu sína á aðalfundi félagsins.

Vanræki íþróttadeild að halda aðalfund á lögákveðnum tíma, skal aðalstjórn félagsins boðaður til fundarins og sjá um framkvæmd hans.

Einstakar deildir skili rekstraruppgjöri til aðalstjórnar á fjögurra mánaða fresti 30. apríl, 31. ágúst og 31. desember ár hvert.

## 13. grein. Formannafundur :

Eigi sjaldnar en þrisvar á ári skal aðalstjórn félagsins halda fundi með formönnum deildanna, þar sem þeir gera stjórninni grein fyrir starfsemi deildanna. Á fundum þessum skal einnig ákveða skiptingu styrkja og annarra tekna aðalsjóðs félagsins milli deildanna og samræma starfsemi þeirra. Komi upp ágreiningur milli einstakra deilda, sker aðalstjórn úr.

## 14. grein. Eignir félagsins :

Allar eignir félagsins, hvort sem þær eru í umsjá aðalstjórnar eða einstakra deilda, er sameign félagsins. Hætti íþróttadeild starfsemi, skal stjórn hennar afhenda aðalstjórn allar eignir hennar svo og fundargerðarbækur og hverskonar gögn, sem varpa starfsemi hennar. Verðlaunagripir og verðmæt skjöl skulu ávallt vera í vörslu aðalstjórnar.

## 15. grein. Skuldsetning félagsins :

Óheimilt er að skuldsetja félagið eða einstakar deildir þess nema með samþykki meirihluta aðalstjórnar. Stofni einstakar deildir fjárhagslega skuldbindingu án þessa samþykkis verða þær á ábyrgð þeirra sem til þeirra stofna og félaginu óviðkomandi.

## 16. grein. Heiðursveitingar :

Heiðursfélagsmerki U.M.F. Tindastóls. Aðalfundur hefur heimild til að kjósa heiðursfélaga að tillögu stjórnar, en umræður um uppástungu að heiðursfélaga skulu ekki leyfðar. Við þá samþykkt þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða. Heiðursfélögum skal við hátíðlega athöfn afhent heiðursmerki U.M.F. Tindastóls úr gulli, sem er æðsta heiðursmerki ungmennafélagsins. Viðtakandi verður að hafa unnið mikið og samfellt starf fyrir U.M.F. Tindastól.

Starfsmerki U.M.F. Tindastóls má veita fyrir frábært átak eða afrek í félagstörfum, skipulagstörfum, framkvæmdastjórn eða á íþróttasviðinu. Til grundvalla þarf ekki að liggja langt samfellt starf.

Gestamerki U.M.F. Tindastóls má veita aðilum utan félagsins, sem í verki hafa sýnt því sérstakan sóma og velvild.

## 17. grein. Lagabreytingar :

Engu má breyta í lögum þessum nema á aðalfundi og þá með 2/3 hluta greiddra atkvæða. Greini lög þessi á við sambandslög U.M.F.Í eru sambandslögin réttari meðan félagið er í U.M.F.Í.

## 18. grein. Gildistaka :

Lög þessi öðlast þegar gildi og falla jafnframt úr gildi öll eldri lög félagsins.

Samþykkt á aðalfundi 16. apríl 2002.

## **Gildandi skuldbindingar**

### **Hlutfallsskipting tekna**

- Knattspyrnudeild 35%
- Körfuknattleiksdeild 35%
- Frjálsíþróttadeild 14%
- Skíðadeild 7%
- Sunddeild 7%
- Almenningsíþróttadeild 0%
- Aðalstjórn 2%

### **Deildir**

- 75% af styrkjum Kaupfélags Skagfirðinga (4.200.000 á ári) skulu fara í barna- og unglíngastarf.

## Ársskýrsla Ungmennafélagsins Tindastóls árið 2015

Lagt fram á aðalfundi félagsins 2. mars 2016.

Stjórn U.M.F. Tindastóls, sem kosin var á aðalfundi félagsins 14. apríl 2015:

Helgi Sigurðsson, formaður

Þórunn Ingvadóttir, varaformaður

Magnús Helgason, gjaldkeri

Kolbrún Marvía Passaro, ritari

Laufey Kristín Skúladóttir, meðstjórnandi

Varamenn í stjórn:

Jón Daníel Jónsson

Ingibjörg Huld Þórðardóttir

Gunnar Þór Gestsson

Skoðunarmenn reikninga:

Bertína Guðrún Rodríguez

Gunnar Þór Sveinsson

Stjórnarfundir voru haldnir óreglulega á árinu. Allar fundargerðir eru aðgengilegar á vef félagsins, tindastoll.is. Rétt til setu á stjórnarfundum hafa auk stjórnar og varastjórnar félagsins, formenn deilda félagsins eða aðrir stjórnarmenn sem fulltrúar þeirra.

Rafrænt vinnusvæði félagsins hjá Fjölnetinu geymir öll gögn um starfssemi félagsins, tölvupósta, skjöl, fundargerðir og bókhaldskerfi.

Hópanúmer Tindastóls hjá N1 er 414

Heiðursfélagar Ungmennafélagsins Tindastóls eru

Árni Guðmundsson, Súluhólum 2, Reykjavík

Páll Ragnarsson, Birkihlíð 35, Sauðárkróki

Stefán Pedersen, Smáragrund 15, Sauðárkróki

Heimilisfang Ungmennafélagsins Tindastóls

Víðigrund 5, 550 Sauðárkróki

Kennitala 650269-5949

Netfang: tindastoll@tindastoll.is

Heimasíða: tindastoll.is



## Skýrsla aðalstjórnar

Starfsemi UMF Tindastóls hefur verið með nokkuð hefðbundnu sniði árið 2015.

Aðalfundur var haldinn þann 14. apríl sl. í Húsi Frítímans. Þar bar helst til tíðinda að kosinn var nýr formaður Aðalstjórnar og þrír nýir stjórnarmenn. Formaður er Helgi Sigurðsson og nýir stjórnarmenn eru Laufey Skúladóttir, Þórunn Ingvadóttir og Kolbrún Passaro. Magnús Helgason var sá eini sem hélt áfram úr fyrri stjórn og færum við honum kærar þakkir fyrir liðveisluna á liðnu ári.

Fráfarandi formanni og stjórnarmönnum þökkum við gott starf á liðnum árum og óskum þeim velfarnaðar.

Rekstur félagsins hefur verið í járnum undanfarin ár og ljóst er að meira fjármagn þarf inn í hreyfinguna til að betur megi gera á öllum sviðum. Vonumst við til að vel verði tekið í umleitanir Aðalstjórnar um aukið fjármagn frá styrktaraðilum félagsins.

Aðalstjórn vill þakka kærlega þann ómetanlega stuðning sem við höfum fengið í formi styrkja og framlaga frá Sveitarfélaginu Skagafirði, Kaupfélagi Skagfirðinga og Fjölnet, sem hafa stutt við bakið á okkur undanfarin ár.

Ný heimasíða félagsins er langt á veg komin og verður tekin í notkun innan tíðar. Viljum við þakka öllum þeim sem hafa komið að málum við gerð hennar.

Íþróttafólk okkar náði á síðasta ári góðum árangri í mörgum íþróttagreinum og er von okkar að svo verði áfram.

Framundan eru mörg verkefni sem snúa að því að sem flestum verði gert mögulegt að stunda íþróttir. Aðalstjórn væntir þess að samstaða verði meðal deilda um uppbyggingu íþróttar og íþróttamannvirkja svo allir megi fara sáttir frá borði.

Með kveðju.

Helgi Sigurðsson  
Formaður UMF Tindastóls.

## Íþróttamaður ársins

### Tilnefningar til Íþróttamanns Tindastóls 2015:

#### **Knattspyrnudeild - Bjarki Már Árnason og Sunna Björk Atladóttir**

Á lokahófi knattspyrnudeildarinnar haustið 2015, að loknu keppnistímabili þá voru bestu leikmenn m.fl. karla og kvenna kjörin. Að þessu sinni voru það þau Bjarki Már Árnason og Sunna Björk Atladóttir sem hlutu þennan heiður. Þau hafa bæði leikið fjölda leikja fyrir m.fl. félagsins og verið góðar fyrirmyndir annarra leikmanna. Þau hafa bæði oftast en ekki dregið vagninn þegar bæta hefur þurft í og eru góðir liðsmenn.

#### **Skíðadeild - Birna María Sigurðardóttir**

Birna María hefur verið okkar besta skíðakona undanfarin ár.

Hún hefur lagt mjög hart að sér og verið sérlega dugleg að stunda æfingar, bæði innanlands og utan, sem og sækja mót.

Birna María keppti m.a. á 3 bikarmótum og Andrésar Andarleikum. Það er skemmst frá því að segja að hún ætlaði sér stærri hluti á þessum mótum en það gengur ekki alltaf allt upp í þessu sporti. Engu að síður var hún okkur hjá Tindastóli til mikils sóma á þessum mótum.

Hún keppti á Steinullarmóti og Sauðárkróks Bakarismóti og vann hún bæði svig og stórsvig á þessum mótum. Það er Skíðadeild Tindastól sönn ánægja að tilnefna þessa ungu íþróttakonu.

#### **Frjálsíþróttadeild - Þóranna Ósk Sigurjónsdóttir**

Þóranna Ósk vann flest öll mót í hástökki sem hún tók þátt í. Hún er Íslandsmeistari í sínum aldursflokki og einnig í flokki fullorðinna.

Þóranna Ósk var valin í landslið til að keppa á alþjóðamótum þar sem hún stóð sig með stakri þryði.

Þóranna Ósk var valin frjálsíþróttakona UMSS á uppskeruhátíð frjálsíþróttaráðs UMSS þann 28. nóvember sl.

#### **Júðódeild - Þorgrímur Svavar Runólfsson**

Þorgrímur hefur verið að æfa júdó frá því aftur var byrjað með æfingar haustið 2014. Hann hefur tileinkað sér gildi íþróttarinnar mjög vel á þessum tíma, hefur staðið sig vel á æfingum og er mjög vaxandi júdómaður.

En aðal mælikvarðinn er árangur í keppnum og er árangur Þorgríms á keppnistímabili ársins 2015 eftirfarandi: 2. sæti á Norðurlandsmóti á Blönduósi, 3. sæti á vormóti Tindastóls á Sauðárkróki, 1. sæti á haustmóti JSÍ í Grindavík og svo 1. sæti á jólamóti Tindastóls á Sauðárkróki.

#### **Körfuknattleiksdeild – Ingvi Rafn Ingvarsson og Alexandra Ósk Guðjónsdóttir**

Ingvi Rafn Ingvarsson varð Íslandsmeistari með unglingsflokkum á síðasta tímabili. Liðið lék óaðfinnanlega og tapaði ekki unglingsflokkur deildarleik á tímabilinu og enduðu sem

Íslandsmeistarar. Ingvi var einnig fastamaður í liði meistaraflokks sem lék frábærlega á síðasta tímabili og fór alla leið í úrslit.

Alexandra Ósk Guðjónsdóttir hefur sýnt miklar framfarir undanfarin ár og er hún framtíðarleikmaður fyrir félagið og er jákvæð og dugleg að æfa íþróttina. Var hún valin í æfingahóp fyrir landsliðið og er vel að þessu öllu komin.

### **Sunddeild – Rannveig Sigrún Stefánsdóttir og Hallmundur Ingi Hilmarsson**

Rannveig Sigrún Stefánsdóttir er fædd 2002 hún keppti á nokkrum mótum á árinu 2015 og var með þeim efstu og er áhugasöm og efnileg sundkona.

Hallmundur Ingi Hilmarsson er fæddur 2004. Hann keppti á unglíngalandsmóttinu á Akureyri í sl. sumar og á fleiri mótum. Hann er ungur og efnilegur sundmaður.



Val á íþróttamanni ársins fór fram í Húsi frítímans þann 27. desember 2015 í samvinnu við UMSS. Þar var Þórunna Ósk Sigurjónsdóttir frjálsíþróttakona valin íþróttamaður Tindastóls 2015 og íþróttamaður Skagafjarðar 2015.

## Starfsbikarinn

Formaður UMF Tindastóls afhenti Margeiri Friðrikssyni starfsbikarinn sem Ómar Bragi Stefánsson gaf félaginu á 100 ára afmæli félagsins þann. Margeir hefur í mörg ár starfað fyrir félagið á ýmsum vettvangi. Hann hefur verið virku í körfuknattleiksdeild og var einstaklega ósérhlífinn á Unglingalandsmótinu sem haldið var hér á Sauðárkróki á árin 2014. Í starfi sínu hjá Sveitarfélaginu er hann í virkum samskiptum við íþróttahreyfinguna og alltaf velviljaður og liðtækur.



Margeir Friðriksson og Gunnar Þór Gestsson við afhendingu starfsbikarsins 2015.

### Fyrri handhafar starfsbikarsins.

Hrafnhildur S. Pétursdóttir	2008
Rannveig Helgadóttir	2009
Jóhann Sigmarsson	2010
Gunnar Sigurðsson	2011
Brynjar Birgisson	2012
Kári Maríusson	2013
Kristjana Jónsdóttir	2014
Margeir Friðriksson	2015

## Skýrsla stjórnar

Að áliti stjórnar UMF Tindastóls koma fram í ársreikningi þessum allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu aðalstjórnar UMF Tindastóls í lok árs 2015 og rekstri aðalstjórnar á árinu 2015.

Stjórn aðalstjórnar UMF Tindastóls staðfestir ársreikning þennan fyrir árin 2015 með áritun sinni hér fyrir neðan.

Sauðárkóki, 24. febrúar 2016

Í stjórn:

---

Helgi Sigurðsson, formaður

---

Þórunn Ingvadóttir, varaformaður

---

Magnús Helgason, gjaldkeri

---

Kolbrún Marvía Passaro, ritari

---

Laufey Kristín Skúladóttir, meðstjórnandi

## Áritun skoðunarmanna

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn ársreiknings Aðalstjórnar Ungmennafélagsins Tindastóls, höfum yfirfarið ársreikning félagsins fyrir árið 2015 og gerum engar athugasemdir. Ársreikningurinn samanstendur af rekstrarreikningi ársins 2015 og efnahagsreikningi 31. desember 2015. Við teljum að ársreikningurinn gefi rétta mynd af afkomu Aðalstjórnar Ungmennafélagsins Tindastóls árið 2015 og efnahag í árslok 2015.

Sauðárkróki, 24. febrúar 2016

---

Bertína Guðrún Rodríguez

---

Gunnar Þór Sveinsson

## Ársreikningur aðalstjórnar Rekstrarreikningur ársins 2015

		2015	2014
<b>Tekjur</b>			
Fjáröflun:			
Lottó		1.350.501	1.370.834
Félagsgjöld		65.000	215.000
		<b>1.415.501</b>	<b>1.585.834</b>
Styrkir:			
Svf. Skagafjörður, húsaleigustyrkur	1	22.953.690	21.903.600
Svf. Skagafjörður, styrkur til deilda		5.895.000	5.895.000
Kaupfélag Skagfirðinga		4.200.000	4.200.000
Sparisjóður Skagafjarðar		2.500.000	2.500.000
N1 hf.		39.930	62.072
Fjölnet hf.		1.836.813	1.410.349
Arion banki hf., Sauðárkróki		25.000	129.385
		<b>37.450.433</b>	<b>36.100.406</b>
Aðrar tekjur			
Tekjur af bifreiðum	5	2.444.640	2.002.830
<b>Tekjur alls:</b>		<b>41.310.574</b>	<b>39.689.070</b>
<b>Gjöld:</b>			
Svf. Skagafjörður húsaleiga	1	22.953.690	21.903.600
Styrkir til deilda	2	12.343.100	12.668.100
Rekstur bifreiðar	5	2.644.361	2.700.941
Tölvukostnaður		1.854.799	1.572.501
Húsaleiga Víðigrund 5		309.517	305.076
Félagsgjald UMSS		256.900	256.900
Pappír, ritföng, auglýsingar og sími	4	131.786	184.416
Stjórnunarkostnaður	3	27.000	53.305
Tryggingar		12.294	10.854
Þjónustugjöld	6	7.125	91.731
Annar kostnaður	7	224.005	55.679
<b>Gjöld alls</b>		<b>40.764.577</b>	<b>39.803.103</b>
Hagnaður/-tap fyrir afskriftir og fjármagnsliði		<b>545.997</b>	<b>-114.033</b>
Afskrift fastafjármuna	8	2.845.157	2.652.657
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:			
Vaxtatekjur		94.733	74.340
Vaxtagjöld		-7.622	-3.999
		<b>87.111</b>	<b>70.341</b>
<b>Hagnaður (-tap) ársins</b>		<b>-2.212.049</b>	<b>-2.696.349</b>

**Efnahagsreikningur 31. desember 2015**

		<b>31.12.2015</b>	<b>31.12.2014</b>
<b>Eignir</b>			
Fastafjármunir:			
5% eignarhluti í Bifröst (FM)		2.267.000	2.200.000
Geymslukofi á íþróttavelli	8	50.000	100.000
Bifreið Mercedes Benz Sprinter TTR07	8	2.465.156	4.930.313
Bifreið Mercedes Benz RK587	8	1.182.500	1.512.500
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<b>5.964.656</b>	<b>8.742.813</b>
Veltufjármunir:			
Arion banki nr. 140		2.252.817	467.510
Arion banki nr. 16366		151.249	90.748
Krafa á deildir	9	1.000.000	1.969.119
Viðskiptakröfur	10	1.140.971	1.221.871
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<b>4.545.037</b>	<b>3.749.248</b>
<b>Eignir samtals</b>		<b>10.509.693</b>	<b>12.492.061</b>
<b>Skuldir og eigið fé</b>			
<b>Skuldir</b>			
Skammtímaskuldir			
Ógreiddir reikningar	11	143.960	29.880
Skuld við deildir	12	81.218	32.617
<b>Skammtímaskuldir samtals</b>		<b>225.178</b>	<b>62.497</b>
<b>Skuldir samtals</b>		<b>225.178</b>	<b>62.497</b>
<b>Eigið fé:</b>			
Eigið fé frá fyrra ári		12.429.564	15.041.913
Endurmat ársins		67.000	84.000
Hagnaður (-tap) ársins		-2.212.049	-2.696.349
<b>Eigið fé samtals</b>		<b>10.284.515</b>	<b>12.429.564</b>
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>		<b>10.509.693</b>	<b>12.492.061</b>

## Skýringar

	2015	2014
<b>1. Húsaleigustyrkur</b>		
Íþróttahúsið á Sauðárkróki.....	12.818.000	12.856.800
Íþróttavöllurinn á Sauðárkróki.....	3.071.470	2.745.600
Skíðasvæðið í Tindastól.....	3.905.360	3.348.000
Sundlaug Sauðárkróks.....	2.239.500	2.010.000
Íþróttahúsið í Varmahlíð.....	919.360	811.200
	<b>22.953.690</b>	<b>21.903.600</b>
<b>2. Styrkir til deilda</b>		
Almenningsíþróttadeild - júdó.....	0	325.000
Frjálsíþróttadeild.....	1.763.300	1.763.300
Knattspyrnudeild.....	4.408.244	4.408.244
Körfuknattleiksdeild.....	4.408.247	4.408.244
Skíðadeild .....	881.653	881.656
Sunddeild.....	881.653	881.656
	<b>12.343.100</b>	<b>12.668.100</b>
<b>3. Stjórnunarkostnaður</b>		
Formannafundur.....	27.000	53.305
	<b>27.000</b>	<b>53.305</b>
<b>4. Prentun, ritföng, auglýsingar og sími</b>		
Sími.....	92.362	78.580
Ritföng.....	1.185	998
Prentun.....	30.430	81.131
Auglýsingar.....	7.809	23.707
	<b>131.786</b>	<b>184.416</b>
<b>5. Rekstur bifreiða</b>		
<b>TTR07</b>		
Tekjur.....	2.045.340	1.556.850
Kostnaður.....	1.597.172	1.783.541
	<b>448.168</b>	<b>-226.691</b>
<b>RK587</b>		
Tekjur.....	399.300	438.540
Kostnaður.....	1.047.189	917.400
	<b>-647.889</b>	<b>-478.860</b>



**6. Þjónustugjöld banka**

Innheimtukröfur Arion.....	0	83.730
Seðil- og þjónustugj.....	7.125	8.001
	<b>7.125</b>	<b>91.731</b>

**7. Annar kostnaður**

Styrkur frá Arion banka v. Styrktarhlaups...	25.000	25.000
Stoð v. hönnunar á íþróttasvæði.....	186.000	0
Rammar.....	0	23.850
Bikar.....	11.000	5.000
Annað.....	2.005	1.829
	<b>224.005</b>	<b>55.679</b>

**8. Afskriftir fastafjármuna**

	<b>Bifreiðar</b>	<b>Geymslukofi</b>
Stofnverð 1/1.....	13.975.784	250.000
Afskrifað alls 1/1.....	-7.532.971	-150.000
Keypt á árinu.....	0	0
Afskrifað á árinu.....	-2.795.157	-50.000
Bókfært verð 31/12.....	<b>3.647.656</b>	<b>50.000</b>
Stofnverð alls 31/12.....	13.975.784	250.000
Afskrifað alls 31/12.....	-10.328.128	-200.000
Bókfært verð 31/12.....	<b>3.647.656</b>	<b>50.000</b>

**9. Krafa á deildir**

Knattspyrnudeild.....	1.000.000	1.969.119
	<b>1.000.000</b>	<b>1.969.119</b>

**10. Viðskiptakröfur**

Arion banki.....	0	79.385
N1 hf.....	39.930	21.113
UMSS.....	1.101.041	1.121.373
	<b>1.140.971</b>	<b>1.221.871</b>

**11. Ógreiddir reikningar**

Arion banki hf.....	0	3.175
Kaupfélag Skagfirðinga.....	54.920	16.830
Síminn hf.....	14.040	9.875
Skúli V. Jónsson	75.000	0
	<b>143.960</b>	<b>29.880</b>

**12. Skuld við deildir**

Körfuknattleiksdeild.....

81.218	32.617
<u>81.218</u>	<u>32.617</u>

## Skýrsla stjórnar knattspyrnudeildar

### Frá formanni.



Þegar litið er til baka yfir árið sem liðið er þá er hægt að staldra við á mörgum stöðum og óska þess að hinir og þessir hlutið hefðu farið á annan veg. En það er eins í fótboltanum og lífinu sjálfu að við breytum ekki fortíðinni og þurfum að hugsa um daginn í dag og nánustu framtíð. Það verður alltaf erfiðara og erfiðara að reka knattspyrnudeild á landsbyggðinni þar sem fækkun íbúa hefur mikil áhrif. Erfitt er á ná í leikmannahóp hjá öllum flokkum en til að halda úti liði þarf leikmannahópurinn að vera um 20 einstaklingar í 11 manna bolta. Í 7 manna bolta er nauðsynlegt að vera ekki með færri en 14 leikmenn. Í sumum flokkum er þetta í lagi en í öðrum flokkum því miður ekki.

Á einhvern hátt þarf að fjölga iðkendum hjá okkur og við teljum að aðstöðuleysið sé okkar versti óvinur. Við getum alls ekki boðið okkar iðkendum upp á viðunandi aðstöðu, sama hvað við reynum. Þetta aðstöðuleysi er orðið samfélaginu til skammar og það er alveg ljóst að gert er upp á milli íþróttagreina sem ætti alls ekki að vera.

Það er nauðsynlegt að hér rísi fjölnota hús innan tíðar. Þessu var búið að lofa og nú er kominn tími til að standa við þau orð. Við bíðum ekki lengur.

Áfram Tindastóll

Ómar Bragi Stefánsson

Formaður knattspyrnudeildar Tindastóls.

### Þakkir.

Stjórn knattspyrnudeildar Tindastóls þakkar öllum þeim sem komið hafa að starfi deildarinnar á þessu ári. Iðkendum, þjálfurum, foreldrum, samstarfsaðilum og öllum þeim sem lagt hafa okkur lið.

### Stjórn knattspyrnudeildar:

Formaður	Ómar Bragi Stefánsson
Gjaldkeri	Atli Hjartarson
Gjaldkeri	Guðni Þór Einarsson
V.formaður	Skúli V. Jónsson
Meðstjórnandi	Ingvi Hrannar Ómarsson
Meðstjórnandi	Snorri Geir Snorrason

### Framkvæmdastjóri:

Skúli V. Jónsson gegndi stöðu framkvæmdastjóra á starfsárinu í hlutastarfi

### Fundir

Stjórn knattspyrnudeildarinnar hélt marga fundi á starfsárinu. Bæði voru þetta formlegir sem óformlegir fundir. Fundirnir voru flestir haldnir á skrifstofu félagsins að Víðigrund 5.

### Samstarfsaðilar:

Helstu samstarfsaðilar knattspyrnudeildarinnar á þessu ári voru eftirtaldir: Kaupfélag Skagfirðinga, FISK Seafood, VÍS, Sparisjóður Skagafjarðar, Steinull, Landsbankinn, OLÍS, Sauðárkróksbakarí, Vörumiðlun, Tengill og Sveitarfélagið Skagafjörður. Þessum aðilum eru færðar miklar þakkir fyrir aðkomu þeirra.

### Meistaraflokkur karla



C deildar meistarar 1992, 1999 og 2011

D deildar meistarar 2010

Besti árangur: 6 sæti í B deild 1988, 1989 og 2000

Bikarkeppni KSÍ: 8 liða úrslit 1988

Stærsti deildarsigur: 11-1 gegn Snæfelli í D deild 2006. 10-0 gegn Þrym í D deild 1995

Stærsta deildartap: 0-7 gegn ÍBV í D deild 1984

Þjálfari 2015: Sigurður Halldórsson



Liðið lék í 2. deild á þessu keppnistímabili og átti erfitt uppdráttar og féll í 3.deild.

Undirbúningstímabilið hófst um áramótin 2014/2015 og það var þjálfarinn Sigurður Halldótsson sem stýrði undirbúningi liðsins. Æfingar voru bæði á Sauðárkróki og á Reykjavíkursvæðinu. Liðið tók þátt í vetrarmótum en sjálft íslandsmótið hófst í maí. Það var strax ljóst að brekkan yrði upp í móti en liðið fór illa að ráði sínu í fyrstu leikjunum og því fór sem fór.

**Leikmenn 2015**

Arnar Skúli Atlason	18 leikir	
Arnar Ólafsson	1 leikur	
Ben J.Griffiths	21 leikur	3 mörk
Benjamín J. Gunnlaugarson	20 leikir	1 mark
Bjarki Már Árnason	13 leikir	
Bjarni Smári Gíslason	16 leikir	
Fannar Freyr Gíslason	16 leikir	6 mörk
Fannar Örn Kolbeinsson	20 leikir	2 mörk
Guðni Þór Einarsson	17 leikir	2 mörk
Haukur Eypórsson	8 leikir	3 mörk
Hlynur Örn Hlöðversson	16 leikir	
Hólmar Daði Skúlason	11 leikir	
Hristo P. Slavkov	1 leikur	
Ingvi Hrannar Ómarsson	19 leikir	
Jónas Aron Ólafsson	5 leikir	
Juliano Pereira	19 leikir	1 mark
Knútur Magnús Björnsson	2 leikir	
Konráð Freyr Sigurðsson	13 leikir	3 mörk
Michael Bathurst	7 leikir	
Óskar Smári Haraldsson	19 leikir	1 mark
Páll Sindri Einarsson	14 leikir	1 mark
Pálmi Þórsson	3 leikir	
Ragnar Þór Gunnarsson	4 leikir	1 mark
Sigurvin Reynisson	21 leikur	

**Meistaraflokkur kvenna**

Besti árangur: 3.-4 sæti í B deild 1995, 2002 og 2003

Bikarkeppni KSÍ: 16 liða úrslit 2010 og 2013

Stærsti deildarsigur: 10-1 gegn Leiftri/Dalvík í B deild 2003 og 9-0 gegn Leikni F. í B deild 2002

Stærsta deildartap: 0-11 gegn ÍBV í B deild 2008

M.fl. kvenna lék í 1.deild ( B deild ) og hefur gert á undanförunum árum. Gengi liðsins í Íslandsmóttinu var undir væntingum þetta árið en miklar vonir voru gerðar til liðsins. Hinsvegar er framtíðin björt hjá stelpunum okkar og það vantar ekki nema herslumuninn þannig að þær geta gert tilkall til að vera meðal þeirra bestu.



Þjálfarar 2015: Guðjón Örn Jóhannsson, Dúfa Dröfn Ásbjörnsdóttir og Arnar Skúli Atlason

## Leikmenn 2015

Ana Lucia Dos Santos	6 leikir	
Ásrún Jónatansdóttir	4 leikir	
Bríet Guðmundsdóttir	10 leikir	
Brynhildur Ólafsdóttir	12 leikir	
Dagný Pálsdóttir	2 leikir	
Elín Sveinsdóttir	6 leikir	
Eva María Hrólfsdóttir	7 leikir	
Guðlaug Rún Sigurjónsdóttir	6 leikir	1 mark
Guðrún Jenný Ágústsdóttir	12 leikir	2 mörk
Hrafnhildur Björnsdóttir	11 leikir	7 mörk
Hrafnhildur Ósk Halldórsdóttir	2 leikir	
Hugrún Pálsdóttir	11 leikir	3 mörk
Iðunn Helgadóttir	1 leikir	
Jóna María Eiríksdóttir	11 leikir	
Kolbrún Ósk Hjaltadóttir	12 leikir	4 mörk
Kristrún María Magnúsdóttir	1 leikir	
Laufey Harpa Halldórsdóttir	4 leikir	1 mark
Ólína Sif Einarsdóttir	12 leikir	1 mark
Snæbjört Pálsdóttir	9 leikir	
Sunna Björk Atladóttir	12 leikir	1 mark
Svava Rún Ingimarsdóttir	12 leikir	1 mark
Vigdís Edda Friðriksdóttir	9 leikir	

## 100 leikja klúbburinn

Reynt hefur verið eftir bestu getu að taka saman leikjafjölda allra þeirra sem leikið hafa með m.fl. Tindastóls frá upphafi. Það skal tekið fram að hugsanlega eru einhverjar tölur ekki alveg réttar enda erfitt að nálgast upplýsingarnar. Hafi hinsvegar einhver betri upplýsingar þá eru þær vel þegnar.

**M.fl.karlar:**

<b>Nr.</b>	<b>Leikjafjöldi</b>	<b>Nafn leikmanns</b>	<b>Lék síðast</b>
1	236	Gísli Eyland Sveinsson	2014
2	184	Ingvi Hrannar Ómarsson	2015
3	183	Gísli Sigurðsson	2001
4	178	Guðbrandur Guðbrandsson	1997
5	176	Kristmar Geir Björnsson	2012
6	160	Rúnar Páll Björnsson	1991
7	157	Bjarki Már Árnason	2015
8	152	Birgir Rafnsson	1987
9	149	Þórhallur Ásmundsson	1994
10	143	Björn Sverrisson	1991
11	129	Gunnar Þór Gestsson	2000
12	124	Aðalsteinn Arnarson	2012
13	124	Sigmundur B. Skúlason	2010
14	123	Guðbjartur Haraldsson	1994
15	120	Arnar Skúli Atlason	2015
16	119	Snorri Geir Snorrason	2010
17	117	Sverrir Sverrisson	1993
18	115	Fannar Örn Kolbeinsson	2015
19	113	Stefán Arnar Ómarsson	2010
20	107	Stefán Örn Pétursson	1996
21	106	Pálmi Þór Valgeirsson	2012
22	104	Örn Ragnarsson	1985
23	104	Konráð Þorleifsson	2014
24	102	Árni Einar Adolfsson	2014
25	101	Grétar Karlsson	2002

**M.fl.kvenna:**

<b>Nr.</b>	<b>Leikjafjöldi</b>	<b>Nafn leikmanns</b>	<b>Lék síðast</b>
1	116	Svava Rún Ingimarsdóttir	2015
2	108	Sunna Björk Atladóttir	2015

**Aðstaða og aðstöðuleysi**

Sjálfsgagt finnst einhverjum að það sé verið að bera í bakkafullan lækinn þegar rætt er um aðstöðu, eða réttara sagt aðstöðuleysi það sem knattspyrnudeild Tindastóls býr við. Hinsvegar er það svo að það er verið að mismuna iðkendum íþróttagreina verulega og hygla öðrum keppnisgreinum. Við svona nokkuð er ekki hægt að una og nauðsynlegt að stíga niður fæti og segja með hvassri röddu, hingað og ekki lengra. Við látum ekki bjóða okkur og börnum okkar svona nokkuð lengur.



Starfsemi knattspyrnudeildarinnar er ekki síst sú að bjóða börnum og unglíngum góða kennslu sem er í höndum vel menntaðra þjálfara. En í sjálfu sér er sama hvað þessir ágætu þjálfarar leggja á sig þá er það aðstöðuleysis sem hamlar öllum framgangi í þessum efnunum.

Það er ekki hægt að bara bíða og vona lengur. Við verðum að láta verkin tala og hvarvetna sem við komumst í tæri við þá sem samfélaginu stjórna skulum við koma þessu aðstöðuleysi að og benda á að ekki sé rétt gefið í þessum málum. Fjölnota hús þarf að rísa og það strax.

### Knattspyrnumaður- og kona Tindastóls 2015



Á lokahófi knattspyrnudeildarinnar haustið 2015, að loknu keppnistímabili þá voru bestu leikmenn m.fl. karla og kvenna kjörin. Að þessu sinni voru þau Bjarki Már Árnason og Sunna Björk Atladóttir sem hlutu þennan heiður.

### Landslið Íslands



Laufey Harpa Halldórsdóttir var valin í landslið Íslands 17 ára og yngri á þessu ári. Laufey fór með liðinu til Svartfjallalands og tók þátt í undankeppni EM 2016

### Yngri flokkar

Öflugu starfi yngri flokka var haldið úti. Æfingar voru allt árið en mestur þunginn í starfinu er yfir sumartímann. Flokkarnir æfðu þá fjórum sinnum í viku auk leikja en yfir vetrartímann eru þrjár æfingar á dagskrá í viku hverri.



3.flokkur kvenna fór til Svíþjóðar og tók þar þátt í skemmtilegu móti í Gautaborg, Gothia Cup sem var dagana 13.-18 júlí.

Aðstaðan er verulega farin að hafa áhrif á æfingar hjá yngri flokkunum. Það er síðan farið að hafa veruleg áhrif á getu iðkenda og möguleika þeirra til að þroskast áfram sem knattspyrnuíðkendur.



## Landsbankamót



Landsbankamótið fór fram dagana 27. – 28. júní og var framkvæmdin og aðsóknin aldeilis frábær. Mótið er fyrir stelpur í 7. og 6. flokki. Um 85 lið mættu í 6.flokki og 40 lið í 7.flokki sem gerði þetta að stærsta mótinu hér á Króknum í langan tíma. Það má segja að samtals hafi þetta verið á milli 800 og 900 keppendur.

Það voru fjölmargir sem tóku þátt í undirbúningi og framkvæmd mótsins og eru þeim færðar bestu þakkir fyrir. Mótsstjóri var Ingvi Hrannar Ómarsson og á hann miklar þakkir skildar fyrir gott starf.

### Dagskrá:

Föstudagur 26.júní

- 20:00-23:00 Afhending gagna og móttaka liða í Árskóla
- 22:00-22:30 Þjálfara- og fararstjórafundur í íþróttahúsinu

Laugardagur 27.júní

- 07:00-9:00 Morgunmatur í íþróttahúsinu
- 08:00 Fyrstu leikir hefjast
- 10:00-16:00 Hoppukastalar , strandblak og mini-golf við sundlaug.
- 11:30-13:00 Matur fyrir keppendur og liðsstjóra (Fótboltasnúður og Skyrdrykkur). Sótt við Manarhúsið á íþróttavellinum (næst sundlauginni).
- 14:00-16:00 Systkinamót 3-5 ára, skráning fyrir kl.12.00 í Vallarhúsinu (Kr.1.000).
- 18:00-20:00 Kvöldverður í Árskóla (Kjötbollur)
- 20:30-21:15 Kvöldskemmtun í íþróttahúsinu með Magna
- 22:00-22:30 Þjálfara- og fararstjórafundur í íþróttahúsinu

Sunnudagur 28.júní

- 07:00-09:00 Morgunmatur í íþróttahúsinu
- 08:00 Fyrstu leikir hefjast
- 10:00-14:00 Hoppukastalar , strandblak og mini-golf við sundlaug.
- 11:00-13:00 Hádegisverður í íþróttahúsinu (Pizzur)
- u.þ.b. 15:00 Mótsslit í grasstúku við aðalvöll.

## Króksmót FISK



Dagana 8. og 9. ágúst fór fram hið árlega Króksmót á Sauðárkróki. Mótið er fyrir stráka í 7. 6. og 5. flokki og var ágætlega sótt að vanda. Um 40 lið skráð í 7.flokki, um 60 lið í 6.flokki og 6 í 5.flokki sem er meiri þátttaka en árið á undan.

Öll umgjörð mótsins var okkur öllum til sóma. Foreldrar unnu gríðarlega mikið og gott starf og er þeim sérstaklega þakkað fyrir. Mótsstjóri var Ingvi Hrannar Ómarsson og

skilaði hann góðu verki.

### Dagskrá

Föstudagur 7.ágúst

- 20:00-23:00 Afhending gagna og móttaka liða í Árskóla
- 22:15-22:30 Þjálfara- og fararstjórafundur í íþróttahúsinu

## Laugardagur 8. ágúst

- 07:00-09:00 Morgunmatur í íþróttahúsinu  
08:00 Fyrstu leikir hefjast  
09:00-12:00 Öll lið mæti í myndatöku við Vallarhús  
10:00-16:00 Hoppukastalar , strandblak og mini-golf við sundlaug.  
11:30-13:00 Matur fyrir keppendur og liðsstjóra (Fótboltasnúður, Skyrdrykkur og ávöxtur).  
Sótt við Manarhúsið á íþróttavellinum (næst sundlauginni) og velli 1.  
14:00-16:00 Systkinamót 3-5 ára, skráning fyrir kl.12.00 í Vallarhúsinu (Kr.1.000).  
18:00-20:00 Kvöldverður í íþróttahúsinu (Kjöttbollur)  
20:15-21:00 Brekkusöngur með Jóni Jónssyni við velli 5-8 (ef veður leyfir, annars í íþróttahúsinu).  
22:00-22:30 Þjálfara- og fararstjórafundur í íþróttahúsinu

## Sunnudagur 9. ágúst

- 07:00-09:00 Morgunmatur í íþróttahúsinu  
08:00 Fyrstu leikir hefjast  
10:00-14:00 Hoppukastalar , strandblak og mini-golf við sundlaug.  
11:00-13:00 Hádegisverður í íþróttahúsinu (Pizzur)  
u.þ.b. 14:30 Mótsslit í grasstúku við aðalvöll.

**Fjármál**

Fjárhagslega niðurstöðu ársins má sjá á meðfylgjandi reikningum.

**Lokaorð**

Fyrir hönd stjórnar knattspyrnudeildar Tindastóls þakka ég öllum þeim sem komið hafa að rekstri deildarinnar á einn eða annan hátt á þessu starfsári. Öllum þeim er unnið hafa til verðlauna óska ég til hamingju og vona að slík viðurkenning verði öðrum iðkendum hvatning til frekari afreka.

Þrátt fyrir aðstöðuleysi okkar er ekki hægt að leggja árar í bát heldur halda áfram og horfa fram á veginn. Það eru ný verkefni sem bíða okkar handan við hornið, verkefni sem við ætlum að takast á við og sigra.

Ómar Bragi Stefánsson

Formaður knattspyrnudeildar Tindastóls.

## Ársreikningur knattspyrnudeildar Rekstrarreikningur ársins 2015

	2015	2014
<b>Rekstrartekjur</b>		
Framlag frá aðalstjórn	4.345.741	4.408.244
Fjárafilanir og styrkir	8.287.402	19.831.830
Aðgangseyrir	165.200	733.500
Æfingagjöld yngri flokka	7.392.867	6.056.217
Króksmót	6.716.195	7.534.171
Landsbankamót	7.991.950	4.418.835
Jólatréssala	1.049.295	1.399.100
Aðrar tekjur	1.433.065	1.982.062
<b>Rekstrartekjur samtals</b>	<b>37.381.715</b>	<b>46.363.959</b>
<b>Rekstrargjöld</b>		
Rekstur skrifstofu	663.055	720.546
Meistaraflokkur karla	10.816.395	11.631.889
Meistaraflokkur kvenna	6.473.250	6.961.296
Yngri flokkar	8.908.383	9.580.024
Króksmót	2.490.811	2.953.549
Landsbankamót	2.934.158	2.315.714
Jólatréssala	869.555	894.182
Bifreið	554.802	474.679
Óskiptur kostnaður og kostn. frá fyrra ári	0	107.930
<b>Rekstrargjöld samtals</b>	<b>33.710.409</b>	<b>35.639.809</b>
<b>Hagnaður/-tap fyrir afskriftir og fjármagnsliði</b>	<b>3.671.306</b>	<b>10.724.150</b>
Afskriftir	175.867	563.867
Fjármagnsliðir		
Vaxtatekjur	4.985	7.381
Vaxtagjöld	151.586	125.531
<b>Fjármagnsliðir samtals</b>	<b>-146.601</b>	<b>-118.150</b>
<b>Hagnaður (-tap) ársins</b>	<b>3.348.838</b>	<b>10.042.133</b>

**Efnahagsreikningur 31. desember 2015**

	<b>31.12.2015</b>	<b>31.12.2014</b>
<b>Eignir</b>		
Fastafjármunir		
Stúka	863.187	1.007.054
Bifreið	128.000	160.000
Fastafjármunir alls	<b>991.187</b>	<b>1.167.054</b>
Veltufjármunir		
Viðskiptakröfur	3.018.777	3.523.089
Innistæður í innlánsstofnunum	1.603.346	274.964
Veltufjármunir alls	<b>4.622.123</b>	<b>3.798.053</b>
<b>Eignir alls</b>	<b>5.613.310</b>	<b>4.965.107</b>
<b>Skuldir og eigið fé</b>		
<b>Skuldir</b>		
Langtímaskuldir		
Skuldir við lánastofnanir	0	0
Skuldaleiðrétting – tekjufærist 2016	0	1.697.915
Langtímaskuldir alls	<b>0</b>	<b>1.697.915</b>
Skammtímaskuldir		
Skuldir við innlánsstofnanir	301.266	353.671
Viðskiptaskuldir	4.569.404	3.454.182
Skuldaleiðrétting – tekjufærist 2015	0	1.697.915
Aðrar skammtímaskuldir	0	67.622
Næsta árs afborganir af langtímalánum	0	300.000
Skammtímaskuldir alls	<b>4.870.670</b>	<b>5.873.390</b>
<b>Skuldir alls</b>	<b>4.870.670</b>	<b>7.571.305</b>
<b>Eigið fé</b>		
Eigið fé í byrjun árs	-2.606.198	-12.648.331
Hagnaður (-tap) ársins	3.348.838	10.042.133
Eigið fé samtals	<b>742.640</b>	<b>-2.606.198</b>
<b>Skuldir og eigið fé</b>	<b>5.613.310</b>	<b>4.965.107</b>

## Skýrsla stjórnar körfuknattleiksdeildar

Tímabilið 01.05.2014 – 30.04.2015

### STJÓRN

Engar breytingar urðu á stjórn kkd Tindastóls fyrir tímabilið 2014-2015. Í stjórn sátu áfram Stefán Jónsson formaður, Una Sigurðardóttir gjaldkeri, Björn Hansen, Hafdís Einarsdóttir og Ólafur Stefánsson.

### MFL KVENNA

Ákvörðun var tekin af stjórn kkd fyrir tímabilið að Tashwana Higgins yrði áfram þjálfari liðsins og Kári Marísson yrði aðstoðarþjálfari hennar á tímabilinu, svoleiðis var lagt upp með að þjálfara teymið yrði á tímabilinu. Skömmu fyrir mót dregur Kári sig útúr því að vera Tashwana til aðstoðar vegna anna sem hann var kominn í nýju starfi. Þá var Dúfa Dröfn ráðin aðstoðarþjálfari.

Ákvörðun var tekin af stjórn kkd um miðjan nóvember að Tashwana yrði leyst frá störfum, vegna samstarfserfileika sem voru að koma upp og taldi stjórnin að best væri í stöðunni að hún yrði leyst frá störfum. Hófst þá leit að nýjum þjálfara fyrir stelpurnar sem lauk með því að Dúfa var ráðin og Erna Rut fengin henni til aðstoðar, gekk það samstarf með ágætum. Um ármótin var svo ráðin erlendur leikmaður Tikeyiah Johnsson sem stóð sig vel út tímabilið. Tímabilið var mun erfiðara en tímabilið 2013-2014 og léku þær 12 leiki í 1. deildinni og enduðu mótið rétt fyrir neðan miðja deild.

Liðið var að spila fínan körfubolta í síðustu leikjunum á íslandsmótinu og útlitið því bjart fyrir framhaldið á komandi tímabili. Lið meistaraflokks kvenna er ungt að árum og hefur þessi vetur kennt okkur margt sem bæði má laga og betrumbæta. Liðið lék einnig í Powerade bikarnum og fengu heimaleik gegn Úrsvaldeildarliði KR. KR sigraði þann leik nokkuð örugglega en mikil og góð reynsla var fyrir stúlkurnar að fá að leika við öflugt lið eins og KR er.

Tekin hefur verið ákvörðun um að skrá ekki til leiks lið í mfl kvenna á næstkomandi tímabili. Stjórnin er 100% sammála um að við séum að gera rétt að setja meistaraflokkinn í kælingu í einhvern tíma og fara af stað með unglingsaflokk í staðin. Teljum stjórn að besta kostur í stöðunni sé að gera þessar breytingar að skrá lið til leiks í unglingsaflokk og halda áfram uppbyggingunni þar ásamt því að vera með stúlknaflokk, áður en að skrefið í meistaraflokk verður tekið aftur.



Mynd Hjalti Arnason

## MFL KARLA

Meistaraflokkur karla lék þetta tímabilið í deild þeirra bestu Dominos. Breytingarnar á hópnum frá árinu áður voru að það var kominn nýr maður í brúnna Israel Martin. Félagið batt miklar vonir um það að hann væri rétti maðurinn til að taka við af Bárði Eyþórssyni. Einnig var Darrell Lewis ráðinn til félagsins og Antoni Proctor skipt út fyrir Myron Dempsey. Annars var hópurinn sá sami frá fyrra ári. Liðið byrjaði á undirbúningstímanum að fara alla leið í úrslit í Lengjubikarnum og tapaði úrslitaleik fyrir KR. Í Powerade bikarnum komst félagið í 4 liða úrslit og fékk þar úti leik við KR sem tapaðist. Í Dominos deildinni var liðið á miklu flugi og endaði deildina í 2. sæti 6 stigum á eftir KR.

Í 8 liða úrslitum var það Þór Þ. sem var sópað út 3-0 og í 4 liða úrslitum lék Tindastóll við Hauka og endaði einvígið 3-1. Úrslitaeinvígið var gegn firnasterkum KR-ingum sem á endanum lönduðu íslandsmeistaratitlinum eftir að hafa unnið Tindastól 1-3. Tindastóll jafnaði sinn besta árangur í sögu félagsins í úrslitakeppninni á íslandsmóti og er árangur vetrarins algjörlega til fyrirmyndar. Eftir að tímabilinu lauk þá ákvað Israel Martin að yfirgefa félagið. Vill stjórn KKD þakka honum fyrir samstarfið og um leið óska honum velfarnaðar í nýju starfi. Hann er orðinn yfirþjálfari hjá Bakken Bears í Danmörk, er það mikið hrós fyrir bæði hann og félagið að svona stórt félag skuli fylgjast með Tindastól á okkar litla Íslandi.

Félagið hefur ráðið Pieti Poikola sem næsta þjálfara liðsins. Þar er á ferð reynslumikill þjálfari sem miklar vonir eru bundnar við.

Stjórn vil þakka þjálfurum og öllum leikmönnum sem tóku tóku þátt í starfi félagsins á tímabilinu.

Rekstur deildarinnar gekk ágætlega á tímabilinu, þó oft megi betur gera. Mikil vinna liggur að baki við fjáraflanir ásamt mikilli vinnu við styrktaraðila. Vill stjórn færa öllum stuðningsaðilum deildarinnar þakkir fyrir þeirra mikilvæga framlag og vonast eftir áframhaldandi stuðningi við

starfið. Þá eru að lokum aðalstjórn félagsins færðar þakkir fyrir samstarfið og síðast en ekki síst öllum áhorfendum og þá sérstaklega öllum þeim sjálfboðaliðum sem að starfinu koma með margvíslegu vinnuframlagi í tengslum við leiki, ferðir, fjáraflanir og aðra hluti.

F.h. stjórnar körfuknattleiksdeildar Tindastóls

Stefán B Jónsson Formaður.



*Mynd Hjalti Árnason*

**Ársreikningur körfuknattleiksdeildar****Rekstrarreikningur tímabilsins 01.05.2014-30.04.2015**

	<b>2014-15</b>	<b>2013-14</b>
<b>Rekstrartekjur</b>		
Aðgangseyrir	3.378.747	2.529.078
Fjáraflanir	6.494.342	2.007.770
Styrkir – aðalstjórn	2.345.000	5.319.288
Aðalstyrktaraðilar	7.270.234	5.081.114
Auglýsingar og minni styrkir	5.882.500	3.950.943
Söluhagnaður bifreiðar	1.188.981	0
<b>Rekstrartekjur samtals</b>	<b>26.559.804</b>	<b>18.888.193</b>
<b>Rekstrargjöld</b>		
Laun- og launatengd gjöld	15.801.646	9.074.563
Styrkur til unglingaráðs	656.250	656.250
Húsnæðiskostnaður	2.338.787	1.784.268
Bílaleiga	827.129	0
Ferðakostnaður – innanlands	2.887.095	1.806.450
Ferðakostnaður – erlendis	1.015.609	1.116.388
Þáttökugjöld og félagaskipti	636.000	740.489
Dómarakostnaður	1.818.137	999.718
Búningar og skór	230.821	252.235
Sjúkrakostnaður	1.140.669	530.456
Sími, auglýsingar, prentun, hönnun	215.978	47.549
Rekstur bifr. RK-587	1.219.579	25.325
Kostnaður vegna fjáraflana	157.483	131.241
Annar kostnaður	1.766.864	1.533.308
<b>Rekstrargjöld samtals</b>	<b>30.712.047</b>	<b>18.6998.240</b>
<b>Rekstrarhagnaður (-tap) án fjármagnsliða</b>	<b>-4.152.243</b>	<b>189.953</b>
<b>Fjármagnstekjur og fjármagnsgjöld</b>		
Vaxtatekjur	7.515	6.987
Vaxtagjöld	-155.557	-4.508
	<b>-148.042</b>	<b>2.479</b>
<b>Niðurstaða ársins</b>	<b>-4.300.285</b>	<b>192.432</b>



**Efnahagsreikningur 30. apríl 2015**

	<b>30.04.2015</b>	<b>30.04.2014</b>
<b>Eignir</b>		
Veltufjármunir		
Bankainnistæður	391.594	556.057
Aðrar skammtímakröfur	3.934.778	966.179
Veltufjármunir samtals:	<b>4.326.372</b>	<b>1.522.236</b>
Áhöld og tæki		
Bifreiðin RK-587	0	461.019
Áhöld og tæki samtals:	<b>0</b>	<b>461.019</b>
<b>Eignir samtals</b>	<b>4.326.372</b>	<b>1.983.255</b>
<b>Skuldir og eigið fé</b>		
<b>Skuldir</b>		
Skammtímaskuldir		
Viðskiptaskuldir	4.651.267	1.247.661
Yfirdráttur á tékkareikningi	3.239.796	0
Skammtímaskuldir samtals	<b>7.891.063</b>	<b>1.247.661</b>
<b>Skuldir samtals</b>	<b>7.891.063</b>	<b>1.247.661</b>
<b>Eigið fé</b>		
Flutt frá fyrra ári	735.594	543.162
Niðurstaða ársins	-4.300.285	192.432
Eigið fé samtals	<b>-3.564.691</b>	<b>735.594</b>
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>	<b>4.326.372</b>	<b>1.983.255</b>

## Skýrsla stjórnar unglingaráðs körfuknattleiksdeildar

Skýrsla unglingaráðs kknd. Tindastóls fyrir aðalfund 4.júní 2015.

Í unglingaráði sátu þetta tímabil Eiríkur Loftsson form, Unnur Ólöf Halldórsdóttir gjaldkeri, Guðbjörg Ragnarsdóttir, Hanna Dóra Björnsdóttir, Sædís Bylgja Jónsdóttir og Vignir Kjartansson.

Eins og ársreikningur unglingaráðs sýnir var rekstrarútkoma jákvæð. Fjöldi iðkenda var um 110 sem er heldur minna en var fyrir fáum árum þegar þeir voru um 140.

Pokkalega gekk að koma starfinu af stað í haust en þó gekk heldur seint að manna þjálfun minnibolta 3. og 4. bekkjar. Haldnar voru æfingabúðir í lok ágúst til að hefja vetrarstarfið og leikmenn meistaraflokks kynntu körfuna fyrir grunnskólanemendum með því að mæta í frímínútum á nýja körfuboltavöllinn við Árskóla.



*Mynd feykir.is*

Samsetning æfingatöflu gekk þokkalega en það er samt talsvert þúsluspil enda mörg atriði sem taka þarf mið af. Árekstrar við önnur verkefni iðkenda eru að koma fram eftir að starfið fer af stað og því var ekki hjá því komist að tilfærslur yrðu á æfingatímum annað slagið í vetur. Við notuðum litla salinn minna í vetur en undanfarin ár enda erfitt að koma því við að flytja yngstu krakkana milli staða á vinnutíma foreldra.

Við þjálfun yngri flokkanna störfuðu 14 þjálfarar. Þau eru Israel Martin,

Tashawna Higgins (um tíma), Dúfa Dröfn Ásbjörnsdóttir (hluta vetrar), Erna Rut Kristjánsdóttir, Darrell Flake, Darrel Keith Lewis, Friðrik Þór Stefánsson, Friðrik Hrafn Jóhannsson (hluta vetrar), Jónas Rafn Sigurjónsson (um tíma), Óskar Ingi Magnússon (hluta vetrar), Arnar Freyr Stefánsson, Guðjón Örn Jóhannsson og Alexandra Ósk Guðjónsdóttir. Auk þessara hlupu nokkrir í skarðið þegar þurfti.

Samstarf var reynt við Kormák á Hvammstanga um sameiginleg lið í yngri flokkum. Hvort framhald verði af því samstarfi hefur ekki verið ákveðið en verði af því þarf að setja það í fastari skorður m.a. varðandi sameiginlegar æfingar og fleira.

Tindastóll sendi lið til keppni á Íslandsmótum í 8 yngri aldursflokkum. Það voru 7.fl.kv., stúlknafl., drengjafl. og ungl.fl.ka. en 8.fl.ka., 9.fl.kv., 10.fl.kv. og 10.fl.ka. voru sameiginleg lið með Kormáki á Hvammstanga. Auk þess tóku þessir flokkar þátt í bikarkeppni þar sem það var í boði.

Flest liðin sem þátt tóku í fjölíðamótum náðu að halda sinni stöðu frá hausti fram á vor eða bæta hana. Drengjaflokkur komst í undanúrslit í Íslandsmóti og úrslit í bikarkeppni þar sem þeir töpuðu. Unglingaflokkur vann alla sína leiki á Íslandsmótinu og urðu því Íslandsmeistarar með glæsibrag.

Öll lið þar sem keppni fór fram á helgarmótum fengu mót á heimavelli. Þokkalega gekk að halda leikjaplani annarra flokka og við lentum ekki eins illa í því eins og stundum hefur gerst undanfarin ár að marga leiki drengja- og unglíngaflokks þurfi að spila þétt í mótslok.

Króksamótið fyrir krakka í 1.-6. bekk var haldið 10. janúar og komu á það lið frá Þór á Akureyri. Þó svo að mótið hafi verið kynnt víðar þarf greinilega að gera það af meiri krafti til að fá þátttakendur frá fleiri stöðum á Norðurlandi. Hópur krakka á þessum aldri frá Tindastóli fór á Kjarnafæðismótið á Akureyri 2. maí og eins nokkrir krakkar á póstmót Breiðabliks í lok janúar.

Þakka skal öllum þjálfurum fyrir góða vinnu við þjálfun, utanumhald sinna flokka og samstarf sl. vetur. Einnig iðkendum og foreldrum öllum. Stjórn deildarinnar þökkum við gott samstarf og velvilja.

Fyrir komandi tímabil verða ekki miklar breytingar á unglingaráð en þó tekur Sædís Bylgja Jónsdóttir við formennsku af Eiríki Loftssyni.

Sauðárkróki, 4. júní 2015

Eiríkur Loftsson



Mynd tindastoll.is Unglingaflokkur fagnar Íslandsmeistaratitli sínum

## Ársreikningur unglíngaráðs körfuknattleiksdeildar

### Rekstrarreikningur tímabilsins 01.05.2014-30.04.2015

	2014-15	2013-14
<b>Rekstrartekjur</b>		
Æfingagjöld	3.022.750	3.390.500
Fjárafllanir	729.624	457.026
Auglýsingar og styrkir	888.250	1.026.250
Styrkur Svf. Skagafjörður	1.375.496	0
Rekstrartekjur samtals	<b>6.016.120</b>	<b>4.873.776</b>
<b>Rekstrargjöld</b>		
Launakostnaður	3.486.018	3.716.964
Dómara- & þátttökukostnaður	144.230	178.725
Þátttökukostnaður	205.000	0
Búningakaup yngri flokka	159.216	49.400
Húsaleiga v. þjálfara	504.000	0
Ferðakostnaður	894.704	293.392
Kostnaður v. Króksamóts	140.802	280.894
Auglýsingar	46.320	0
Uppskeruhátíð	105.527	65.713
Annað	27.077	0
Rekstrargjöld samtals	<b>5.712.894</b>	<b>4.585.088</b>
Rekstrarhagnaður (-tap) án fjármagnsliða	<b>303.226</b>	<b>288.688</b>
Fjármagnstekjur og fjármagnsgjöld		
Vaxtatekjur	1.007	330
Vaxtagjöld	-22.448	-13.552
	<b>-21.441</b>	<b>-13.222</b>
<b>Hagnaður (-tap) ársins</b>	<b>281.785</b>	<b>275.466</b>

**Efnahagsreikningur 30. apríl 2015**

	<b>30.04.2015</b>	<b>30.04.2014</b>
<b>Eignir</b>		
Veltufjármunir		
Krafa á meistaraflokk	213.864	0
Ógreidd æfingagjöld	1.431.750	1.196.750
Bankainnistæður	0	116.416
Veltufjármunir samtals:	1.645.614	1.313.166
<b>Eignir samtals</b>	<b>1.645.614</b>	<b>1.313.166</b>
<b>Skuldir og eigið fé</b>		
<b>Skuldir</b>		
Skammtímaskuldir		
Yfirdráttur á tékkareikningi	690.973	0
Ógreidd laun og launatengd gjöld	70.000	719.950
Ógreiddur ferðakostnaður	0	30.174
Ógreitt vegna uppskeruhátíðar	105.527	65.713
Skammtímaskuldir samtals	<b>866.500</b>	<b>815.837</b>
<b>Skuldir samtals</b>	<b>866.500</b>	<b>815.837</b>
Eigið fé		
Flutt frá fyrra ári	497.329	221.863
Niðurstaða ársins	281.785	275.466
Eigið fé samtals	<b>779.114</b>	<b>497.329</b>
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>	<b>1.645.614</b>	<b>1.313.166</b>

## Skýrsla stjórnar frjálsíþróttadeildar

### Skýrsla stjórnar 2015

Vetrarstarf frjálsra byrjar í október og stendur til maí þegar aðstæður gefast til að fara að æfa útivið.

Vetrarmótin hefjast með bogamóti UFA innanhúss sem er í nóvember byrjun. Seinna í nóvember eru Silfurleikar ÍR innanhúss sem hafa verið stærsta innanhússmót keppnistímabilsins. Jólamót UMSS er haldið fyrir jól. Eftir áramót taka við meistaramótin innanhúss í 3 aldursflokkum 11-14 ára, 15-22 ára og Meistaramót aðalhluti. Einnig má nefna Reykjavíkurlaikana, RIG games.

Um vorið er keppt á vormóti UFA og má segja að utanhússtímabilið hefst í júní byrjun. En æft er úti um leið og veður leyfir. Þá tekur við utanhússtímabilið sem er einnig í 3 aldursflokkum ásamt bikarkeppni í 2 flokkum, 11-15 ára og bikar, aðalhluti en þá er keppt undir merkjum Norðurlands. Að því standa eftirtalin félög UMSS, UFA, UMSE og HSP.

Toppurinn er svo Unglingalandsmót sem keppt er um á verslunarmannahelginni. Svo er endað í ágúst lok og er tekið frí frá æfingum og keppni í 1 mánuð.

Stjórnin sér um skipulag æfinga hjá deildinni og samskipti við þjálfara deildarinnar en það eru starfandi 5 þjálfarar hjá okkur. Að öðru leiti er starfið nokkuð fastmótað.

Stjórn Frjálsíþróttadeildar UMFT, 1. febrúar 2015 til 1. febrúar 2016:

Sigurjón Leifsson	formaður
Guðrún Ottósdóttir	gjaldkeri
Hafdís Óladóttir	Meðstjórnandi

Umsjónarmaður heimasíðu Ásbjörn Karlsson

### Pistill formanns

Það sem helst liggur á er að lokið verði við smíði fjölnota íþróttahúss. Við í frjálsum erum í dag með æfingar í íþróttahúsinu með yngri krakka. Eldri hópur er að æfa utandyra ásamt að við fengum staðfest að nota Reidhöllina á Sauðárkróki. En aðstöðuleysi er farið að há okkar hóp, en við erum ekki sambærileg við keppendur frá Reykjavíkursvæðinu í dag. Þetta hefur verið erfitt að vera með hóp utan af landi og með einstaklinga sem eru orðnir með 10 bestu á landinu í frjálsíþróttum.

Einnig er það áhyggjuefni að Sveitarfélagið er að selja gamla barnaskólann, væntanlega með að litli salurinn þar fylgi með og er ég ekki að sjá að sú íþróttastarfsemi sem er þar stunduð falli innan tíma í íþróttahúsinu á Sauðárkróki.

Vetrar tím kerfið finnst mér vera komið að endalokum, við þurfum að vinna í einhverju öðru kerfi tekjur skila sér seint svo þarf að skrá krakkana inni kerfið sem ætti að vera á höndum foreldra og forráðamanna barna. Fleira er ekki að þessu sinni.

Sigurjón Leifsson

Formaður frjálsíþróttadeildar Tindastóls

## Ársreikningur frjálsíþróttadeildar

### Rekstrarreikningur ársins 2015

	<b>2015</b>	<b>2014</b>
<b>Tekjur:</b>		
Æfingagjöld	2.221.500	2.015.000
Styrkir frá aðalstjórn	1.763.300	1.832.354
Fjáraflanir	548.600	789.600
Ferðastyrkur ÍSÍ	197.666	242.162
Vaxtatekjur	20.172	57.290
	<b>4.751.238</b>	<b>4.936.406</b>
<b>Gjöld:</b>		
Kostnaður vegna þjálfunar	4.870.503	4.593.221
Ferðakostnaður	900.074	866.622
Áhöld og tæki	3.942	175.440
FRÍ þjónustugjöld	-89.000	89.000
Auglýsingar	41.181	45.200
Mótahald	93.750	133.250
Bókhalds- og skrifstofukostnaður	24.680	38.682
Akstur í Varmahlíð	34.380	64.000
Sjúkrakostnaður	89.955	45.270
Annar kostnaður	10.112	107.010
Vaxtagjöld	4.589	38.334
	<b>5.984.166</b>	<b>6.196.029</b>
<b>Hagnaður (-tap) ársins</b>	<b>-1.232.928</b>	<b>-1.259.623</b>

**Efnahagsreikningur 31. desember 2015**

	<b>31.12.2015</b>	<b>31.12.2014</b>
<b>Eignir</b>		
Veltufjármunir:		
Viðskiptakröfur	795.739	840.239
Aðrar skammtímakröfur	4.704	4.704
Handbært fé	207.326	1.251.615
Veltufjármunir samtals	<b>1.007.769</b>	<b>2.096.558</b>
<b>Eignir samtals</b>	<b>1.007.769</b>	<b>2.096.558</b>
<b>Skuldir og eigið fé</b>		
<b>Skuldir</b>		
Ferðasjóður	160.000	0
Ýmsar skammtímaskuldir	683.583	699.444
Skuldir samtals	<b>843.583</b>	<b>699.444</b>
<b>Eigið fé</b>		
Eigið fé frá fyrra ári	1.397.114	2.656.737
Hagnaður (-tap) ársins	-1.232.928	-1.259.623
Eigið fé samtals	<b>164.186</b>	<b>1.397.114</b>
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>	<b>1.007.769</b>	<b>2.096.558</b>



## Skýrsla stjórnar sunddeildar

### Stjórnarstörf:

Aðalfundur Sunddeildar Tindastóls fyrir árið 2015, haldinn 29. febrúar 2016.

Haldnir voru stjórnarfundir reglulega á árinu 2015.

Þau sem sitja í stjórn eru:

Þorgerður Þórhallsdóttir formaður, Aðalbjörg Hallmundsdóttir ritari og Stefán Ómar Stefánsson

Varamaður, Þorgerður Ásdís Jóhannsdóttir.

Úr stjórninni gengu Aðalbjörg Þorgrímsdóttir, Ragna Hrund Hjartardóttir og Sigurlaug Ingimundardóttir, og þökkum við þeim fyrir vel unnin störf hjá deildinni sl. 3.ár

Illa hefur gengið að manna stöðu gjaldkera og var í lok árs gengið til samninga við RH Endurskoðun ehf. að hafa umsjón með bókhaldi og fjárreiðum deildarinnar.

### Starfsemi deildarinnar:

Þorgerður Þórhallsdóttir lauk þjálfaranámi í fjarmenntun haustið 2014 og fékk þjálfaraskírteinið 21. janúar 2015 hjá Íþróttá og Ólympíusamband Íslands.



Þorgerður Þórhallsdóttir, Jóhann Ulriksen og Sigrún Þóra Karlsdóttir voru þjálfar/leiðbeinendur hjá deildinni frá janúar til maí.

Eftir sumarfrí byrjuðu sundæfingar 21.september þar byrjaði Magnús Freysson að þjálfar með okkur. Ungu þjálfarnir okkar þrír eru reyndir sundmenn og miðla þekkingu sinni til iðkenda.



Við ákváðum að bjóða upp á sundæfingar fyrir 1-2 bekk sem mæltist vel fyrir og kom þar inn sterkur hópur af krökkum.

Þann 14. október fór fyrir fund hjá SSÍ beiðni um að Ingi Þór Ágústsson, sem er í Landsliðsnefnd SSÍ, myndi koma reglulega norður og hjálpa okkur að byggja upp sunddeildina. Var vel tekið vel í þá beiðni.

Jóhann Ulriksen hætti um áramótin og fór suður í skóla. Óskum honum góðs gengis í framtíðinni.

Það æfa 27 krakkar sund hjá sunddeildinni. 1-3. bekkur eru með æfingar tvisvar í viku. 4-5 bekkur eru með æfingar þrisvar í viku og 6-8 bekkur er með æfingar þrisvar sinnum í viku.

Einu sinni í mánuði er boðið uppá ávexti og grænmeti eftir æfingar og er það geysi vinsælt.

### Mót:

Alls tók sunddeildin þátt í fjórum mótum 2015, þar af þrjú utan Sauðárkróks.

\*KR. Gullmót 12-14 febrúar fór fram í Laugardalslaug í 50 m innilaug. Alls fóru 9 keppendur ásamt þjálfurum og foreldrum.

30. apríl Bikarmót Kiwanisklúbbsins Drangeyjar var haldið á Sauðárkróki.

Þeir sem eiga þátttökurétt eru UMSS, USAH og USVH. Alls mættu 32 keppendur frá þessum þremur samböndum.

1-4 ágúst. Sunddeild Tindastóls átti fulltrúa á Unglingalandsmótinu á Akureyri. Hallmundur Hilmarsson keppti fyrir hönd UMSS.

15.október Sundmót á Blönduósi fóru 5 keppendur frá Tindastóli



Að vanda stóðu krakkarnir sig vel, bættu árangur sinn og voru félaginu til sóma.

**Annað:**

5.janúar stjörnuljósa sundæfing

12.mars sundpartý-sokkasund og vinadagur. Mjög vinsælt

25.mars Páskabingó-pizza

21.september kynning á Speedo fylgihlutum og kennslu í sundi, Ingi Þór Ágústsson frá Landsliðsnefnd SSÍ kom í heimsókn.

26. október sundpartý-vinadagur



**Tilnefning Sunddeildar Tindastóls:**

Uppskeruhátíð UMSS fór fram í húsi Frítímans 27. desember og voru tilnefningar sunddeildarinnar eftirfarandi:

- Tilnefnd sem íþróttamenn Tindastóls voru Rannveig Sigrún Stefánsdóttir og Hallmundur Hilmarsson
- Ung og efnileg voru þær Rannveig Sigrún Stefánsdóttir og Marianna Ulriksen

Að lokum viljum við stjórnarmenn þakka öllum sem komið hafa að rekstri og starfsemi deildarinnar og einnig þeim fjölmörgu sem styrkt hafa sunddeildina á ýmsan hátt á árinu 2015.

Sauðárkróki, febrúar 2016

Stjórn sunddeildar Tindastóls.

Þorgerður Eva Þórhallsdóttir

Aðalbjörg Hallmundsdóttir

Stefán Ómar Stefánsson

Þorgerður Ásdís Jóhannsdóttir

## Ársreikningur sunddeildar Rekstrarreikningur ársins 2015

	2015	2014
<b>Tekjur</b>		
Æfingagjöld	196.600	266.000
Styrkur frá aðalstjórn	881.653	881.656
Fjáraflanir	35.000	50.000
Vaxtatekjur	26.755	52.430
Samtals tekjur	<b>1.140.008</b>	<b>1.250.086</b>
<b>Gjöld</b>		
Kostnaður vegna þjálfunar	537.903	577.214
Framlag í ferðasjóð	0	38.600
Mótahald	156.733	128.500
Bingó/Uppskeruhátíð	84.114	134.601
Ýmis kostnaður vegna iðkenda	69.761	51.725
Auglýsingar	10.466	86.943
Unglingalandsmót/afmælishátíð	0	89.690
Félagsgjöld	157.700	113.800
Annar rekstrarkostnaður	4.709	13.495
Vaxtagjöld	7.961	10.960
Samtals gjöld	<b>1.029.347</b>	<b>1.245.528</b>
<b>Hagnaður (-tap) ársins</b>	<b>110.661</b>	<b>4.558</b>

**Efnahagsreikningur 31. desember 2015**

	<b>31.12.2015</b>	<b>31.12.2014</b>
<b>Eignir</b>		
Veltufjármunir		
Handbært fé	1.403.063	1.248.370
Aðrar skammtímakröfur	35.000	20.000
	<b>1.438.063</b>	<b>1.268.370</b>
<b>Eignir samtals</b>	<b>1.438.063</b>	<b>1.268.370</b>
<b>Skuldir og eigið fé</b>		
<b>Skuldir</b>		
Laun og tengd gjöld	48.052	47.740
Ýmsar skammtímaskuldir	62.320	3.600
Skuldir samtals	<b>110.372</b>	<b>51.340</b>
<b>Eigið fé</b>		
Höfuðstóll frá fyrra ári	1.217.030	1.212.472
Hagnaður (-tap) ársins	110.661	4.558
Eigið fé samtals	<b>1.327.691</b>	<b>1.217.030</b>
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>	<b>1.438.063</b>	<b>1.268.370</b>

## Skýrsla stjórnar skíðadeildar Skíðavertíð 2014-2015

Stjórnin fundaði strax eftir síðasta aðalfund sem var haldin 22. maí 2014 og héldum við ellefu stjórnarfundum á síðasta starfsári. Við fengum tvo nýja stjórnarmenn á síðasta aðalfundi og er það alltaf mikið ánægjuefni að fá nýtt fólk í stjórn en það voru Ívar og Sigfríður.



*Mynd tindastoll.is*

Starfsárið var nokkuð hefðbundið við byrjuðum á því að leita að þjálfurum fyrir bretti og skíði en það verður að segjast eins og er að sú leit bar ekki góðan árangur og endaði það með því að þjálfarinn sem við vorum búinn að finna fyrir brettadeildina lét sig hverfa eftir aðeins tvær æfingar. Okkur tókst ekki að finna annan aðila til að taka við brettadeildinni og var því sjálfhætt að sinni. Er það miður því við höfðum bundið miklar vonir við þetta verkefni og fundum fyrir gríðarlegum áhuga á brettasporti. Við auglýstum eftir skíðþjálfara en enginn sótti um svo að undirritaður tók að sér þjálfun og fékk ég

Magga, Venna og Gunnar Björn til að aðstoða mig þegar ég komst ekki og vil ég þakka þeim kærlega fyrir alla aðstoðina sem þeir hafa veitt allar þær skíðavertíðir sem ég hef komið nálægt.

Skíðasvæðið opnaði 12. des. og var opið í 65 daga, það komu 3.200 gestir í lyftuna í vetur og um 450 gestir á töfrateppið. Eins og sjá má þá var ekki mikil stemming fyrir skíðasporti í Skagafirði þennan vetur og ég held að við þurfum ekki að eyða miklum tíma eða peningum til að greina vandan en það var fyrst og fremst veðrið sem var vægast sagt kolvitlaust í allan vetur.

Þrátt fyrir dræma aðsókn og erfitt veður þá vann stjórnin hörðum höndum að ýmsum verkefnum og fjáröflunum. Við fórum í mjög markvissa sölu á árskortum einnig fórum við í að markaðssetja skíðasvæðið í samvinnu við Markaðsstofu Norðurlands og önnur skíðasvæði á norðurlandi og hefur það samstarf gengið mjög vel.

Stjórnin ákvað að fjárfesta í töfrateppi og var takmarkið að koma því upp fyrir páska og það heppnaðist. Með þessu framtaki eigum við vonandi eftir að fjölga iðkendum jafn og þétt um ókomna tíð.

Það var unnið við að teikna skála og er það verkefni á lokastigi. Við erum að semja við landeigendur um áframhaldandi leigu á landinu. Verið er að ganga frá fjármögnun á fyrsta áfanga og vonumst við til þess að það gangi allt saman hratt og örugglega og að hægt verði að byrja að byggja í sumar. Það var unnið við vefsíðuna okkar og koma þær breytinga til með að skila sér þegar fram í sækir.



*Mynd tindastoll.is*

Tveir starfsmenn skíðasvæðisins fóru til Austurríkis á sýningu til að kynna sér allar þær nýjungar sem eru til fyrir skíðasvæði og komu þeir til bakka með fullt af góðum hugmyndum.

Við áttum fulltrúa á skíðaþingi SKI sem var haldið á Egilsstöðum í maí en þar er fjallað um allt sem viðkemur skíðaíþróttinni.

Við höldum áfram að vinna með skólunum í Skagafirði við að koma krökkum á skíði og er það mín von að þetta sé komið til að vera því ekki var annað að sjá en að allir skemmtu sér konunglega.




*Mynd tindastoll.is*

Það var farið á þó nokkur mót í vetur, við vorum með keppendur á þremur bikarmótum fyrir 13-14 ára, fórum á unglingslandsmót, vorum með þátttakendur á Jónsmóti og Andrésar Andarleikum.

Dagskrá hérna heima fyrir var með hefðbundnu sniði. Við byrjuðum á að hafa Skinor æfingarhelgi svo vorum við með vetrarleika og World snow ski day.

Það voru haldin tvö mót, nánar tiltekið Sauðárkróks Bakarismót og Steinullarmót. Að sjálfsögðu vorum við með veglega páskadagskrá og má segja um alla þessa viðburði að það hafi bara gengið nokkuð vel.

Stjórnin er búin að vinna virkilega gott starf í vetur og vil ég þakka þeim fyrir vel unnin störf en þegar ég rita þetta og fer yfir síðasta vetur þá verður mér hugsað til leiðinlegra samskipta við foreldra sem því miður áttu sér stað. Fær það mann til að staldra aðeins við og hugsa til hvers maður stendur í þessu. Ég furða mig ekki á því að það geti verið erfitt að manna stjórnir og ráð hjá íþróttahreyfingunni þar sem allt er unnið í sjálfböðavinnu þegar foreldrar leyfa sér óásættanlega framkomu og verður til þess að maður verður algjörlega afhuga því að koma nálægt stjórnunarstörfum fyrir íþróttahreyfinguna. Það sem fullorðið fólk getur látið út úr sér er hreint með ólíkindum.



*Mynd tindastoll.is*

En sem betur fer eru nú jákvæðu raddirnar sem standa uppúr. Þau bros sem mætu mér í fjallinu góð og hlý orð bæði frá iðkenndum og foreldrum er það sem ég tek með mér eftir veturinn sem er einn sá erfiðasti frá því að ég byrjaði í þessu skíðabróti.

Það er nokkuð ljóst að við verðum að halda áfram uppbyggingu á svæðinu og ef þið eruð með einhverjar hugmyndir um það hvernig megi bæta starfið þá endilega látið vita. Ég sé fyrir mér að bílaplanið verði einnig lagfært þegar byrjað verður á skálanum og svo þurfum við að þrýsta á ríkið að lagfæra veginn upp á skíðasvæðið. Það væri einnig gott að geta boðið upp á rútuferðir uppeftir.

Ég hvet nýkjörna aðalstjórn Tindastóls til að vinna að því að krakkar 12 ára og yngri borgi aðeins eitt æfingargjald en geti æft allar íþróttir innan Tindastóls. Ég tel að þannig stuðlum við að fjölgun iðkenda og það stóreykur líkurnar á því að þau finni sig í einhverri íþrótt.

Að endingu vil ég þakka öllum sem komu að starfinu í vetur stjórn skíðadeildar, starfsmönnum skíðasvæðisins, foreldrum og iðkendum fyrir erfiðan en skemmtilegan vetur.

Takk fyrir mig Sigurður Bjarni Rafnsson Formaður Skíðadeildar Tindastóls.

**Ársreikningur skíðadeildar****Rekstrarreikningur tímabilsins 1.5.2014 - 30.4.2015**

	<b>2014-15</b>	<b>2013-14</b>
<b>Tekjur</b>		
Auglýsingar á dagatali	597.883	968.788
Auglýsingar á skiltum	300.000	265.000
Tekjur af skíðasvæði	5.602.974	6.614.750
Æfingagjöld	250.000	0
Sauðárkróksbær, rekstrarstyrkur	13.480.000	12.192.580
Tindastóll	831.479	1.037.536
Ýmsir styrkir	4.280.458	2.685.188
Vaxtatekjur	570.292	9.370
<b>Tekjur samtals</b>	<b>25.913.086</b>	<b>23.800.212</b>

**Gjöld:**

Leiga á skíðalandi	0	70.410
Fasteignagjöld	240.877	209.633
Laun og launatengd gjöld.	11.034.197	7.180.279
Þjálfun-, búnaður kostnaður og laun	179.894	3.669.971
Rafmagn	1.525.672	1.801.123
Skíðasamband Íslands	218.278	56.115
Heilbrigðisgjald	6.563	6.253
Viðhaldskostnaður svæðisins	3.977.303	5.723.819
Olíur og eldsneyti	2.650.315	2.424.255
Tryggingar	3.97.027	560.815
Skoðunargjöld	299.037	112.575
Sími	107.783	77.868
Námskeið	189.029	0
Skidata, miðar og leyfi	280.688	0
Ritföng, pappír, prentun & auglýs.	900.024	704.694
Tengigjöld, tölvu	161.924	98.388
Ferðakostnaður	97.742	130.604
Vetrarleikar	7.239	68.900
Verðlaunapeningar, bikarar	16.000	31.220
Samtök Skíðasvæða	0	52.000
Keppnisgjöld	18.500	30.780
Afskrifaðar kröfur	0	2.580
<b>Gjöld samtals</b>	<b>22.308.092</b>	<b>23.012.282</b>

Hagnaður (- tap) fyrir afskr. og fjármagnsgj. **3.604.994** **787.930**

Fjármagnskostnaður 235.182 292.635

Afskriftir 3.662.024 3.668.762

**Hagnaður (-tap) ársins -292.212 -3.173.467**



**Efnahagsreikningur 30. apríl 2015**

	<b>30.04.2015</b>	<b>30.04.2014</b>
<b>Eignir</b>		
Fastafjármunir:		
Greidd leiga til Torfa	1.010.459	1.063.641
Skíðaskáli	822.944	866.257
Skíðasvæðið	22.797.827	24.780.247
Búnaður skíðaleigu	869.883	707.754
Troðari	1.884.417	2.355.522
Vélsleði	1.280.000	1.600.000
Bifreið	910.934	1.138.667
Leiktæki	1.387.202	1.734.003
Töfrateppi	11.404.790	0
Fastafjármunir alls	<b>42.368.375</b>	<b>34.246.090</b>
Veltufjármunir:		
Arion banki 301268	69.488	57.063
Arion banki 15475	266.224	1.355.071
Sparisjóðurinn	979	979
Kaupfélag Skagfirðinga, innlánsd.	11.765	11.765
Viðskiptakröfur	896.527	1.303.935
Veltufjármunir alls	<b>1.244.983</b>	<b>2.728.813</b>
<b>Eignir samtals</b>	<b>43.613.358</b>	<b>36.974.903</b>
<b>Skuldir og eigið fé:</b>		
<b>Skuldir</b>		
Skammtímaskuldir		
Kaupfélag Skagfirðinga	9.640.107	1.539.686
Aðrar skuldir	477.431	1.647.185
Skammtímaskuldir alls	<b>10.117.538</b>	<b>3.186.871</b>
<b>Skuldir alls</b>	<b>10.117.538</b>	<b>3.186.871</b>
<b>Eigið fé:</b>		
Höfuðstóll frá fyrra ári	33.788.032	36.961.499
Hagnaður (-tap) ársins	-292.212	-3.173.467)
Eigið fé samtals	<b>33.495.820</b>	<b>33.788.03</b>
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>	<b>43.613.358</b>	<b>36.974.903</b>

## Skýrsla almenningsdeildar - bogfimi

Árið 2015 nokkuð fjölbreytt, iðkendafjöldi hefur verið rokkandi. um 6 fullorðnir voru að mæta og um 8-10 krakkar.

En von var á meiri áhuga á haust æfingum en eitthvað minnkaði, hvað sem veldur því. Reynt var að hafa kynningar og námskeið en lítið skilað sér.



Mynd feykir.is

Reynt var að hafa utanhús æfingar en lítil aðsókn á þær en aðstaða fékkst seint. og þyrfti því að tryggja sér aðstöðu og hefja æfingar um leið og innanhús æfingarnar, en hins vegar er bogfimi íþrótt sem er stunduð allan ársins hring og því verður skoða með æfingar innanhúss líka í sumar.

Nokkrir einstaklingar fóru á Unglingalandsmót og tóku þátt í bogfimi og stóðu sig mjög vel og unnu til verðlauna.

Þjálfari deildarinnar Indriði R. Grétarsson, hélt erlendis og sótti sér

aukin réttindi til þjálfunar í bogfimi. Tók 1. og 2. stig hjá IFAA en það og World Archery eru stærstu bogfimisamböndin á heimsvísu með sýna sérhæfni. En stigin eru 3 hjá báðum samböndum og hefur Indriði einnig tryggt 1 stig hjá WA og 1 stig ÍSÍ.

Íslandsmótið í bogfimi utanhús var haldið á Sauðárkróki, um 25 keppendur mættu.

Þótti mótið takast mjög vel og var hrósað fyrir aðstöðu og gefið var skyn að vilji væri halda það aftur á Sauðárkróki 2016 þar sem Sauðárkrókur þykir nokkuð miðsvæðis fyrir alla landshluta.

Ætlun var að fara í samstarf við þau félög á norðurlandi um keppnir og hitting sem eru að stunda bogfimi en ekki varð úr því en allir fullir bjartsýni að svo verði.

Þegar ný grein er komast á koppinn þá tekur alltaf smá tíma að kynna sportið, en við í bogfiminni erum hvergi banginn og höldum ótrauð áfram að stunda og styðja við bogfimi í Skagafirði.

Fyrir hönd Bogfimi

Indriði R. Grétarsson

## Ársreikningur almenningsdeildar - bogfimi

### Rekstrarreikningur ársins 2015

	2015	2014
<b>Tekjur</b>		
Keppnisgjöld	0	6.000
Styrkir	290.000	150.000
Æfingagjöld	109.000	0
Tekjur samtals	<b>399.000</b>	<b>156.000</b>
<b>Rekstrargjöld</b>		
Keppnisgjöld	0	6.000
Skotskífur	7.398	0
Kaup á mörkum	471.696	0
Auglýsingar	4.780	0
Rekstrargjöld samtals	<b>483.874</b>	<b>6.000</b>
Fjármagnsgjöld		
Vaxtatekjur	12.449	512
Fjármagnstekjuskattur	2.489	0
Fjármagnsgjöld samtals	<b>9.960</b>	<b>512</b>
<b>Hagnaður (-tap) ársins</b>	<b>-74.914</b>	<b>150.512</b>

**Efnahagsreikningur 31. desember 2015**

	<b>31.12.2015</b>	<b>31.12.2014</b>
<b>Eignir</b>		
Veltufjármunir:		
Bankareikningur	75.598	150.512
Veltufjármunir alls	<b>75.598</b>	<b>150.512</b>
<b>Eignir alls</b>	<b>75.598</b>	<b>150.512</b>
<b>Skuldir og eigið fé</b>		
<b>Eigið fé:</b>		
Eigið fé í upphafi árs	150.215	0
Hagnaður ársins	-74.914	150.512
Eigið fé samtals	<b>75.598</b>	<b>150.512</b>
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>	<b>75.598</b>	<b>150.512</b>

## Skýrsla almenningsdeildar - júdó

Æfingar hófust þriðjudaginn 6. janúar 2015 á nýju ári hjá Júdódeild Tindastóls. Æfingar voru á þriðjudögum og föstudögum frá 17:00 til 19:00 fyrir yngri hóp og frá 19:00 til 21:00 fyrir eldri hóp. Notast var við aðstöðu í íþróttasal gamla barnaskólans á Sauðárkróki við Freyjugötu/Sæmundargötu. Aðalþjálfari var Einar Örn Hreinsson og honum til aðstoðar voru Jakob Smári Pálmason og Magnús Hafsteinn Hinriksson.

Yngri iðkendum bauðst að skrá sig til keppni á Góumót JR sem haldið var 22. febrúar og voru nokkrir áhugasamir tilbúnir að keppa en vegna veðurs var því miður ekki hægt að keyra suður á mótið.

Föstudaginn 6. mars komu iðkendir frá Pardusi á Blönduósi í heimsókn og æfðu með okkur. Þessi samæfing heppnaðist mjög vel og allir skemmtu sér konunglega í júdóleikjum og átökum.



Foreldraæfing var haldið 13. mars þar sem foreldrum gafst færi á að koma á æfingar með börnum sínum og læra af þeim grunninn í júdóíþróttinni. Þessar foreldraæfingar eru komnar til að vera því bæði foreldrum og sérstaklega yngri iðkendum finnst þessar æfingar skemmtilegar þar sem börn og fullorðnir æfa júdó saman.



Júdódeildin sendi rúmlega tuttugu iðkendir á Norðurlandsmót sem haldið var á Blönduósi 15. mars og þar komu saman júdóiðkendir á Norðurlandi frá þremur júdóklúbbum sem voru auk Júdódeildar Tindastóls, Pardus á Blönduósi og Draupnir á Akureyri. Mótið tókst einkar vel og er það sannarlega komið til að vera. Allir skemmtu sér mjög vel og iðkendir Júdódeildar Tindastóls stóðu sig mjög vel og unnu til margra verðlauna.



Júdódeildin átti svo einn fulltrúa á íslandsmóttinu yngri flokka í Júdó sem haldið var í Reykjavík 2. maí. Þar keppti Ísak Dagur Viktorsson á sínu fyrsta móti og stóð sig glæsilega þó honum tækist ekki að vinna til verðlauna. Það var einnig einn fulltrúi á íslandsmóti fullorðinna sem og á Norðurlandamóttinu sem var að þessu sinni haldið hér á landi 9.10. maí.

Vormót Tindastóls í Júdó var haldið 30. maí í Íþróttahúsinu á Sauðárkróki og komu keppendur frá JR í Reykjavík, Draupni á Akureyri og Pardus á Blönduósi ásamt Júdódeild Tindastóls. Byrjað var á sameiginlegri æfingu allra þátttakenda frá 10:00 til 12:00 og mótið hófst svo klukkan 13:00. Mótið var aðallega hugsað fyrir yngri iðkendur sem ekki eru orðnir nógu gamlir til að keppa á íslandsmóti, en þó voru ekki ströng aldurtakmörk. Keppendur voru um þrjátíu og tókst mótið í alla staði vel. Það var ákveðið að gera þetta að árlegum viðburði.



Nokkrir áhugasamir kepptu í júdó á Unglingalandsmóti UMFÍ sem var haldið á Akureyri, og bauð Júdódeild Tindastóls upp á æfingar í tvær vikur á undan mótinu svona til að dusta rykið af júdógallanum fyrir þá sem höfðu hug á því að keppa.

Á haustönn, sem hófst 14. september, var boðið upp á sérstaka kvennatíma á mánudögum frá 17:00 til 19:00 og einum tíma var bætt við fyrir yngri hópinn á fimmtudögum frá 16:00 til 18:00. Þjálfarar á haustönn voru þau Einar Örn Hreinsson og Judith Lucia Bischof, sem sá um kvennaæfingarnar. Afleysingaþjálfarar voru Magnús Hafsteinn Hinriksson, Jakob Smári Pálmason og Magnús Freyr Gíslason.

Foreldraæfing haustannar var haldin 2. október og var hennar beðið með eftirvæntingu iðkenda og, hugsanlega, margra foreldra líka.

Júdódeildin átti þrjá fulltrúa á haustmóti JSÍ sem fram fór í Grindavík 10. október og uppskáru keppendur tvenn gullverðlaun, sem verður að teljast framúrskarandi árangur.

Pardus heimsótti okkur 13. nóvember og var haldin sameiginleg æfing klúbbanna eins og nú er orðið hefðbundið að þeir geri einu sinni á önn.



Starfi ársins hjá Júdódeild Tindastóls lauk svo með jólamótinu sem haldið var þann 18. desember og voru 24 þátttakendur yngri iðkenda. Það var hart barist á mótinu og skemmtu áhorfendur sér mjög vel sem slöguðu upp í fimmta tuginn. Eftir mótið var svo slegið upp pítsuveislu.



Tilnefning júdódeildarinnar til kjörs íþróttamanns Tindastóls fyrir árið 2015 var að þessu sinni Þorgrímur Svavar Runólfsson. Þorgrímur var einnig valinn sem fulltrúi júdódeildarinnar í hóp ungs og efnilegs íþróttafólks sem UMSS heiðrar í lok hvers árs.





## Ársreikningur almenningsdeildar - júdó Rekstrarreikningur ársins 2015

	2015	2014
<b>Tekjur</b>		
Styrkir vegna júdógólfs	0	1.684.000
Félagsgjöld	483.681	0
Styrkir vegna búningakaupa	0	100.000
Júdóbúningasala	31.600	178.000
Aðrir styrkir	60.000	0
Tekjur af mótum	94.900	0
Ýmsar tekjur	129.959	0
<b>Tekjur samtals</b>	<b>800.140</b>	<b>1.962.000</b>
<b>Gjöld</b>		
VSK og tollur af júdógólfi	0	302.995
Flutningur júdógólfs til Íslands	0	142.059
Júdóbúningar fyrir iðkendur	0	86.411
Peysur og töskur	150.500	0
Auglýsingar	26.664	0
Tollur af júdóbúningum	46.749	81.692
Saumur Lógós á nýja júdóbúninga	0	34.500
Mótsgjöld	127.059	0
Gjöld til JSÍ	3.000	0
Bankakostnaður	0	645
Annar kostnaður	31.332	12.367
<b>Gjöld samtals</b>	<b>385.304</b>	<b>660.669</b>
Afskriftir	104.215	0
<b>Fjármagnsliðir</b>		
Vaxtatekjur	5.747	6.806
Vaxtagjöld	0	579
<b>Fjármagnsliðir samtals</b>	<b>5.747</b>	<b>6.806</b>
<b>Hagnaður (-tap) ársins</b>	<b>316.368</b>	<b>1.308.137</b>

**Efnahagsreikningur 31. desember 2015**

	<b>31.12.2015</b>	<b>31.12.2014</b>
<b>Eignir</b>		
Veltufjármunir:		
Bankareikningur	413.834	73.364
Júdódýnur	937.937	1.042.152
Júdóbúningar	166.524	86.412
Veltufjármunir alls	<b>1.518.296</b>	<b>1.201.928</b>
<b>Eignir alls</b>	<b>1.518.296</b>	<b>1.201.928</b>
<b>Skuldir og eigið fé</b>		
<b>Eigið fé:</b>		
Eigið fé í upphafi árs	1.201.928	0
Hagnaður ársins	316.368	1.201.928
Eigið fé samtals	<b>1.518.296</b>	<b>1.201.928</b>
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>	<b>1.518.296</b>	<b>1.201.928</b>

## **Minningasjóður um Rúnar Inga Björnsson**

### **Númer í sjóðaskrá 1246**

Rúnar Ingi Björnsson var efnilegur íþróttamaður hjá UMF Tindastóli. Hann lést við verkamannastörf ungur að aldri. Foreldrar hans stofnuðu minningarsjóð í hans nafni sem hefur styrkt afreksfólk og afrekshópa, bæði til ferðalaga og keppni.

Stjórn sjóðsins samanstendur af formanni UMF Tindastóls, skólastjóra Árskóla og sóknarpresti Sauðárkrókskirkju. Umsóknir um styrk úr minningarsjóðinum þurfa að berast formanni UMF Tindastóls. Fyrir aðalfund á hverju ári hittist stjórnin og fer yfir umsóknir. Þær sem eru samþykktar koma til úthlutunar á aðalfundi félagsins.

Á árinu 2015 var úthlutað þremur styrkjum úr sjóðnum. Formaður UMF Tindastóls afhenti styrkina á aðalfundi Tindastóls 14. apríl 2015.

Eftirfarandi aðilar hlutu styrk:

1. Körfuknattleiksdeild, Hafdís Lind Sigurjónsdóttir fær styrk að upphæð kr. 30.000 vegna þátttöku í landsliðsverkefnum í nafni UMF Tindastóls
2. Körfuknattleiks- og Frjálsíþróttadeild, Þóranna Ósk Sigurjónsdóttir fær styrk að upphæð kr. 30.000 vegna þátttöku í landsliðsverkefnum í nafni UMF Tindastóls
3. Frjálsíþróttadeild, fær styrk að upphæð kr. 100.000 vegna æfingarferðar meistaraflokks frjálsra til Bandaríkjanna vorið 2015

## Ársreikningur Minningasjóður um Rúnar Inga Björnsson

### Rekstrarreikningur ársins 2015

	2015	2014
<b>Tekjur</b>		
Styrkir og gjafir	11.000	27.600
Tekjur samtals	<b>11.000</b>	<b>27.600</b>
<b>Gjöld</b>		
Styrkveitingar skv. skipulagsskrá	160.000	295.000
Annar kostnaður	200	400
Gjöld samtals	<b>160.200</b>	<b>295.400</b>
Afkoma fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	<b>-149.200</b>	<b>-267.800</b>
Fjármunatekjur- og fjármagnsgjöld		
Vaxtatekjur og verðbætur	112.496	122.122
Fjármagnstekjuskattur	-22.499	-24.423
Fjármagnsliðir samtals	<b>89.997</b>	<b>97.699</b>
<b>Niðurstaða rekstrar</b>	<b>-59.203</b>	<b>-170.101</b>

**Efnahagsreikningur 31. desember 2015**

	<b>31.12.2015</b>	<b>31.12.2014</b>
<b>Eignir</b>		
Veltufjármunir		
Bankainnstæður og sjóðir	2.788.872	2.848.075
Veltufjármunir samtals	<b>2.788.872</b>	<b>2.848.075</b>
<b>Eignir alls</b>	<b>2.788.872</b>	<b>2.848.075</b>
<b>Skuldir og eigið fé</b>		
<b>Eigið fé</b>		
Eigið fé í ársbyrjun	2.848.075	3.018.176
Tekjur umfram gjöld	-59.203	-170.101
Eigið fé samtals	<b>2.788.872</b>	<b>2.848.075</b>
<b>Skuldir og eigið fé alls</b>	<b>2.788.872</b>	<b>2.848.075</b>